



Síldarvinnslan hf

Ársreikningur samstæðu 2025



Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	2 - 4
Áritun óháðs endurskoðanda	5 - 8
Rekstrarreikningur samstæðu	9
Yfirlit um heildarafkomu samstæðu	10
Efnahagsreikningur samstæðu	11 - 12
Eiginfjáryfirlit samstæðu	13
Sjóðstreymi samstæðu	14
Skýringar	15 - 47

Óendurskoðuð fylgiskjöl

Stjórnarháttayfirlýsing	48 - 52
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	53 - 58

Síldarvinnslan hf.

Kennitala 570269-7479

Hafnarbraut 6, Neskaupstað

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi samstæðunnar

Samstæða Síldarvinnslunnar hf. er í dag meðal öflugustu og stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins. Samstæðan hefur orðið til við samruna og uppkaup á rótgrónum sjávarútvegsfyrirtækjum sem eiga sér mikla og langa sögu. Byggir starfsemin samstæðunnar á áratuga reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Samstæðan er ein sú stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á bolfiski og uppsjávarfiski.

Samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Síldarvinnslunni hf. og dótturfélögum sem eru í lok tímabilsins Bergur-Huginn ehf., Föðuverksmiðjan Laxá hf., Fjárfestingafélagið Vör ehf., Vísir ehf., Sjávarmál ehf., Mar Guesthouse ehf., Vísir GmbH., Deutsche Salzfish - Union GmbH. og Pytheas Seafood P.C.

Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 378,4 milljónum dollara á tímabilinu og hagnaður af rekstrinum nam 63,8 milljónum dollara. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 1.111,6 milljónum dollara í lok árs.

Eigið fé samstæðunnar nam 734,8 milljónum dollara í árslok en þar af var hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðunnar 4,0 milljónir dollara. Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 66,1% í lok árs.

Meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 646 en 603 árið áður. Nánari upplýsingar um laun og launatengd gjöld er að finna í skýringu nr. 5.

Samstæðan gerir út þrjú uppsjávarskip sem veiddu samtals 138 þúsund tonn á árinu 2025 og fjögur ísfiskskip sem veiddu 18.295 tonn. Frystitogari samstæðunnar veiddi 6.873 tonn. Línuskip félagsins veiddu 8.441 tonn og krókaafllamarksskip félagsins veiddi 1.493 tonn á árinu 2025. Fiskmjölsverksmiðjurnar tóku á móti 140 þúsund tonnum af hráefni. Unnar voru afurðir úr 57 þúsund tonnum af hráefni í uppsjávarfiskiðjuverinu í Neskaupstað. Bolfiskvinnslan í Grindavík tók á móti 8.040 tonnum af hráefni á árinu 2025 og saltfiskvinnsla í Grindavík tók á móti 8.170 tonnum af hráefni.

Almennt hafa markaðir verið sterkir og sala gengið vel á árinu 2025. Veiðar og vinnsla á uppsjávartegundum gekk vel á árinu. Verð hækkuðu milli ára og eftirspurn var mikil.

Markaðir fyrir bolfiskafurðir voru heilt yfir sterkir og verðin góð. Landvinnslan í Grindavík gekk áfallalaust á árinu.

Áskoranir hafa verið í fiskeldi á Íslandi á árinu 2025 og var hlutdeildarfélag Síldarvinnslunnar, Arctic Fish, rekið með töluverðu tapi einkum vegna lækunar á heimsmarkaðsverði á laxi. Verð hafa hækkað í árslok og framleiðslukostnaður hjá félaginu lækkað.

Önnur mál

Samruni Bergs - Hugins ehf. og Bergs ehf.

Félagið Bergur ehf., sem var í 100% eigu Bergs - Hugins ehf., hefur verið sameinað móðurfélagi sínu undir nafni Bergs - Hugins ehf. frá og með 1. janúar 2025.

Samruni Vísis ehf. Samvís ehf. og Þorvís ehf.

Félögin Samvís ehf. og Þorvís ehf., sem voru í 100% eigu Vísis ehf., hafa verið sameinuð móðurfélagi sínu undir nafni Vísis ehf. frá og með 1. janúar 2025.

Starfrækslugjaldmiðill

Frá og með 1. janúar 2026 mun starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill Síldarvinnslunnar vera í evrum í stað bandaríkjadollar. Sjá nánar í skýringu nr. 25.

Veiðigjöld

Í júlí 2025 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um veiðigjald. Breytingarnar fela í sér verulega hækkun veiðigjalda. Sjá nánar skýringu 25.

Eldur í vinnslu hlutdeildarfélagsins Cabo Norte á Spáni

Í lok janúar 2026 braust út eldur í vinnslu hlutdeildarfélagsins Cabo Norte á Spáni. Vinnslan gjöreyðilagðist en ekki varð manntjón. Eignin var vátrygð. Sjá nánar skýringu 25.

Jarðhræringar við Grindavík

Kvikusöfnun hefur haldið áfram á Reykjanesskaga, en ekki hefur gosið frá 5. ágúst 2025. Vinnsla félagsins hefur gengið án raskana. Sjá nánar skýringu 25.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn Síldarvinnslunnar hf. leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2025 samkvæmt arðgreiðslustefnu félagsins. Arðgreiðsla til hluthafa nemi 38,5% hagnaðar ársins eða 3.075,0 millj. króna (24,6 millj. USD miðað við lokagengi ársins 2025). Arðgreiðslan nemur 1,67 kr. á hlut. Arðurinn samsvarar 1,7% af markaðsvirði hlutafjár í árslok 2025. Samþykki aðalfundur tillöguna skal arðsréttindadagur vera 23. mars 2026, þ.e. réttur hluthafa til arðgreiðslu verður miðaður við hlutaskrá félagsins í lok þess viðskiptadags. Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2025 verður því 20. mars 2026, eða næsti viðskiptadagur eftir aðalfund. Útborgunardagur arðs verður 25. mars 2026.

Eignaraðild

Í árslok 2025 voru hluthafar Síldarvinnslunnar 2.592 en 3.072 í upphafi árs. Tíu stærstu hluthafar í árslok 2025 voru:

	Árslok 2025	Árslok 2024
Samherji hf., kt. 610297-3079.....	30,06%	30,06%
Kjálkanes hf., kt. 461115-0710.....	16,06%	16,06%
Gildi - lífeyrissjóður, kt. 561195-2779.....	10,52%	10,54%
Samvinnufélag útgerðarmanna, kt. 550269-0319.....	10,10%	10,10%
Eignarhaldsfél. Snæfugl ehf., kt. 670209-0320.....	3,46%	3,49%
Lífeyrissjóður verslunarmanna, kt. 430269-4459.....	3,27%	3,32%
Brú Líf.sj. starfsm. Sveitarf. kt. 491098-2529.....	2,95%	2,30%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild kt. 550197-3409.....	2,75%	2,30%
Stapi lífeyrissjóður, kt. 601092-2559.....	2,59%	2,85%
Almenni lífeyrissjóðurinn, kt. 450290-2549.....	1,44%	1,38%
Síldarvinnslan hf., kt. 570269-7479 (eigin bréf).....	0,01%	0,01%
Aðrir hluthafar.....	16,79%	17,59%
	100,000%	100,00%

Í lok árs á Síldarvinnslan eigin hluti að nafnverði 108.000. Nánari umfjöllun um hlutafé og umfjöllun um eigin hluti er að finna í eiginfjárfirliti og skýringu nr. 16.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Helsta fjárhagslega áhætta samstæðunnar er gengisþróun íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Samstæðan er ekki með formlegar gjaldeyrisvarnir en hefur gert framvirka vaxtaskiptasamninga til að verjast áhættu vegna breytinga á vöxtum. Samstæðan gerir jafnframt gjaldmiðlaskiptasamninga til að verja kröfur og birgðir. Í skýringum, þ.a.m. skýringu nr. 24, er að finna frekari upplýsingar um fjárhagslega áhættustjórnun.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Í samræmi við 65. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 upplýsir stjórn félagsins að í stjórn sitja 3 karlar og 2 konur.

Til samræmis við 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 upplýsir stjórn að 77,9% af starfsmönnum samstæðunnar eru karlar og 22,1% konur. Þar af eru sjómenn 247 eða 39,2% starfsmanna en tvær konur eru á sjó hjá samstæðunni. Meðal stjórnenda og sérfræðinga samstæðunnar eru 84,7% karlar og 15,3% konur.

Ófjárhagslegar upplýsingar, samkvæmt 66. gr. laga um ársreikninga, eru settar fram í viðauka með ársreikningnum. Í viðaukanum er einnig upplýsingagjöf félagsins í samræmi við flokkunarreglugerð ESB (EU Taxonomy).

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn Síldarvinnslunnar leitast við að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf og Samtökum atvinnuísins (síðast gefnar út í febrúar 2021). Í viðauka við samstæðuársreikning þennan er að finna stjórnarháttayfirlýsingu samstæðunnar.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir reikningsárið 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2025 og breytingum á handbæru fé á reikningsárinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilasstaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu (ESB) og viðeigandi kröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn með skráarheitið „549300AMNBYFRNGJ9J24-2025-12-31-1-is.zip“ hafi verið gerður í samræmi við kröfur laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið og reglugerð Evrópusambandsins nr. 2019/815 (ESEF reglur).

Stjórn og forstjóri Síldarvinnslunnar hf. hafa í dag farið yfir samstæðuársreikning félagsins fyrir reikningsárið 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja samstæðuársreikninginn.

Ársreikningurinn er undirritaður með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu um rafræn viðskipti.

Neskaupstaður, 4. mars 2026.

Anna Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi

Þorsteinn Már Baldvinsson
Stjórnarformaður

Baldur Már Helgason
Meðstjórnandi

Erla Ósk Pétursdóttir
Meðstjórnandi

Gunnþór Ingvason
Forstjóri

Guðmundur Rafnkell Gíslason
Meðstjórnandi

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Síldarvinnslunnar hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Síldarvinnslunnar hf. og dótturfélaga (samstæðan) fyrir árið 2025, að undanskilinni skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2025, efnahag hennar 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar Síldarvinnslunnar hf.

Samstæðuársreikningurinn innifelur:

- Skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra.
- Rekstrarreikning samstæðu fyrir árið 2025.
- Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir árið 2025.
- Efnahagsreikning samstæðu 31. desember 2025.
- Eiginfjárfirlit samstæðu fyrir árið 2025.
- Sjóðstreymi samstæðu fyrir árið 2025.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra og skýring nr. 26 eru undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óháði

Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt samstæðunni og félögum innan hennar er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Gerð er grein fyrir annarri þjónustu sem við höfum veitt samstæðunni og félögum innan hennar á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2025 í skýringu nr. 6.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar árið 2025. Sem hluti af endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á samstæðuársreikningnum í heild.

Áritun óháðs endurskoðanda

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
Mat fiskveiðiheimilda Bókfærðar fiskveiðiheimildir í samstæðuársreikningi nema um USD 522 milljónum í lok árs 2025. Það samsvarar um 47% af eignum og 71% af eigin fé samstæðunnar. Fiskveiðiheimildir er verulegur liður í reikningsskilum samstæðunnar. Vegna óvissu í mati tengt forsendum stjórnenda og öðrum forsendum sem virðisrýrnunarpróf byggja á er mat þessa liðar lykilatriði í endurskoðun okkar. Sjá nánar umfjöllun í skýringum nr. 2.9 um reikningsskilaaðferðir vegna óefnislegra eigna og nr. 2.11 um virðisrýrnun annarra eigna en fjáreigna, skýringu nr. 8 um óefnislegar eignir.	Endurskoðun á mati bókfærðra fiskveiðiheimilda fólst m.a. í eftirfarandi: - Úthlutun aflahlutdeildar og aflamarks staðreynd og stemmd af við opinber gögn um úthlutun. - Bókfært verð borið saman við gangvirði í nýlegum viðskiptum og mat kvótamiðlara. - Yfirferð á virðisrýrnunarprófi stjórnenda á nýtingarvirði í framtíðarrekstri. Virðisrýrnunarprófið var endurreiknað með aðstoð verðmatssérfræðinga PwC. - Forsendur rekstrar- og sjóðstreymisáætlana til næstu fimm ára voru yfirfarnar. Í þeirri vinnu fólst að lagt var mat á forsendur um tekjur, rekstrarkostnað, framlegð og fjárfestingar fyrir spátímabilið, m.a. á grundvelli sögulegra upplýsinga og áætlana. - Forsendur um framtíðarvöxt voru yfirfarnar. - Ávöxtunarkrafa (WACC) sem notuð er við núvirðingu var borin saman við fjármagnskostnað samstæðunnar og ytri markaðsforsendur. - Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
Mat og tilvist birgða Birgðir í samstæðuársreikningi nema USD 61,8 milljónum í lok árs 2025. Það samsvarar um 6% af eignum og um 8% af eigin fé samstæðunnar. Birgðir hafa víðtæk áhrif á reikningsskil félagsins og tilvist þeirra er grundvöllur að mati kostnaðarverðs/framleiðslukostnaðarverðs. Kostnaðarverð/framleiðsluverð afurðabirgða er háð mati stjórnenda og byggir á útreikningum um framlegð og öðrum forsendum stjórnenda, sem og samanburði við dagverð. Því er þessi liður lykilatriði í endurskoðun okkar. Sjá nánar umfjöllun í skýringu nr. 2.12 um reikningsskilaaðferðir gagnvart birgðum og skýringu nr. 13 um birgðir.	Endurskoðun á tilvist birgða fólst í skoðun og úrtakstalningu á afurðabirgðum og öðrum birgðum samstæðunnar um áramót. Endurskoðun á mati birgða fólst m.a. í eftirfarandi: - Yfirferð á birgðaferlinum og samsetningu birgða. - Aðferðafræði og forsendur stjórnenda við mat afurðabirgða voru yfirfarnar. - Kostnaðarverð/framleiðsluverð afurðabirgða er m.a. metið út frá framlegð deilda og því voru forsendur um framlegð og útreikningur framlegðar staðreyndur á grundvelli deildaruppgjöra fyrir árið. - Söluverðmæti birgðanna eftir áramót, sem liggur til grundvallar á mati birgða, var yfirfarið með úrtaksprófunum. - Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, skýring nr. 26 *Ársfjórðungsyfirlit* og viðaukar í samstæðuársreikningi um stjórnarháttayfirlýsingu og ófjárhagslega upplýsingagjöf sem lágu fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga þ.m.t. skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Áritun óháðs endurskoðanda

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralaus álit. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Áritun óháðs endurskoðanda

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Áritun vegna rafræns skýrslusniðs (e. *European Single Electronic Format - ESEF reglur*)

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi Sildarvinnslunnar hf. framkvæmdum við aðgerðir til að geta gefið álit á það hvort samstæðuársreikningur Sildarvinnslunnar hf. fyrir árið 2025 með skráarheitið 549300AMNBYFRNGJ9J24-2025-12-31-1-is.zip hafi í meginatriðum verið gerður í samræmi við kröfur laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið (e. European Single Electronic Format) og reglugerð Evrópusambandsins nr. 2019/815 (ESEF reglur) sem innihalda skilyrði sem tengjast gerð samstæðuársreiknings á XHTML formi og iXBRL merkingum samstæðuársreikningsins.

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu. Í þeirri ábyrgð felst meðal annars að útbúa samstæðuársreikning á XHTML formi í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópusambandsins nr. 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið (e. European Single Electronic Format).

Ábyrgð okkar er að afla hæfilegrar vissu um hvort samstæðuársreikningurinn, byggt á þeim gögnum sem við höfum aflað, sé í öllum meginatriðum í samræmi við ESEF reglur og gefa út áritun með álit okkar. Eðli, tímasetning og umfang aðgerða sem valdar eru byggja á mati endurskoðandans, þar á meðal mati á áhættunni að vikið sé í verulegum atriðum frá kröfum sem fram koma í ESEF reglum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Sildarvinnslunnar hf. fyrir árið 2025 með skráarheitið 549300AMNBYFRNGJ9J24-2025-12-31-1-is.zip hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópusambandsins nr. 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið (e. European Single Electronic Format).

Kosning endurskoðanda

Við vorum kosin endurskoðendur á aðalfundi Sildarvinnslunnar hf. þann 12. mars 2018. Kosning okkar hefur verið endurnýjuð árlega á aðalfundi félagsins og höfum við því verið endurskoðendur samstæðuársreiknings félagsins samfellt í 8 ár.

Reykjavík 4. mars 2026.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Kristinn Kristinsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur samstæðu fyrir árið 2025

	Skýringar	2025	2024
Rekstrartekjur			
Seldar vörur	4	378.096.049	324.750.909
Hagnaður af sölu eigna		276.917	379.881
		<u>378.372.966</u>	<u>325.130.790</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		149.732.953	142.475.714
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður	5	105.161.588	89.079.703
Annar rekstrarkostnaður	6	8.095.409	9.139.598
Sölutap		0	428.876
		<u>262.989.950</u>	<u>241.123.891</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		115.383.016	84.006.899
Afskriftir fastafjármuna	9	21.841.565	19.356.695
Rekstrarhagnaður		<u>93.541.451</u>	<u>64.650.204</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7		
Vaxtatekjur		4.063.401	6.140.164
Vaxtagjöld		(14.567.863)	(19.765.437)
Gengismunur		2.889.941	3.882.096
Tekjur af verðbréfum og afleiðusamningum		541.656	1.907.761
		<u>(7.072.865)</u>	<u>(7.835.416)</u>
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagum	10	(5.214.474)	(715.412)
		<u>(5.214.474)</u>	<u>(715.412)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		81.254.112	56.099.376
Tekjuskattur	19	(17.469.863)	(11.975.879)
Hagnaður ársins		<u>63.784.249</u>	<u>44.123.497</u>
Hagnaður skiptist á eftirfarandi hátt			
Eigendur félagsins		63.320.681	43.875.836
Hlutdeild minnihluta		463.568	247.661
		<u>63.784.249</u>	<u>44.123.497</u>
Hagnaður á hlut			
Hagnaður eigenda félagsins			
á útistandandi hlut	16	0,0343	0,0238
Starfspáttayfirlit	3		
Ársfjórðungsyfirlit	26		

Skýringar á blaðsíðum 15 til 47 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir árið 2025

	Skýringar	2025	2024
Hagnaður ársins		63.784.249	44.123.497
Önnur heildarafkoma			
Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:			
Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum		45.765.983	(18.064.006)
Heildarafkoma ársins		109.550.232	26.059.491
Heildarafkoma skiptist á eftirfarandi hátt:			
Eigendur félagsins		108.700.296	25.881.451
Hlutdeild minnihluta		849.935	178.040
		109.550.232	26.059.491

Efnahagsreikningur samstæðu 31. desember 2025

Eignir	Skýringar	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:			
Fiskveiðiheimildir	8	522.037.627	483.158.867
		<u>522.037.627</u>	<u>483.158.867</u>
 Rekstrarfjármunir:	9		
Varanlegir rekstrarfjármunir		218.405.234	233.113.626
Leiguréttindi		2.123.182	2.237.592
		<u>220.528.416</u>	<u>235.351.218</u>
 Fjárfestingar:			
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	10	159.363.052	132.870.411
Eignarhlutar í öðrum félögum	11	2.441.566	2.165.100
Skuldabréfaeign	12	115.605	53.327
		<u>161.920.223</u>	<u>135.088.838</u>
 Fastafjármunir samtals		904.486.266	853.598.923
 Veltufjármunir			
Birgðir	13	61.779.858	56.618.859
Viðskiptakröfur	14	43.431.750	40.239.623
Aðrar skammtímakröfur	14	4.537.836	7.392.102
Handbært fé	15	97.317.380	101.782.631
		<u>207.066.824</u>	<u>206.033.215</u>
 Veltufjármunir samtals		207.066.824	206.033.215
 Eignir samtals		<u>1.111.553.090</u>	<u>1.059.632.138</u>

Skýringar á blaðsíðum 15 til 47 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Efnahagsreikningur samstæðu 31. desember 2025

Eigið fé og skuldir	Skýringar	31.12.2025	31.12.2024
Eigið fé	16		
Hlutfé		15.122.610	15.122.610
Yfirverðsreikningur hlutafjár		126.764.582	126.764.582
Annað bundið eigið fé		116.517.673	45.893.331
Óráðstafað eigið fé		472.470.693	452.081.997
		<u>730.875.558</u>	<u>639.862.520</u>
Hlutdeild minnihluta		3.960.969	3.239.970
		<u>734.836.527</u>	<u>643.102.490</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	17	191.823.894	247.382.460
Leiguskuldbinding	18	996.954	1.082.538
Tekjuskattsskuldbinding	19	107.193.623	100.219.413
		<u>300.014.471</u>	<u>348.684.411</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	17	6.733.571	17.879.126
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	17	30.126.175	9.318.620
Reiknaðir skattar ársins	19	19.150.061	12.053.169
Viðskiptaskuldir	20	9.116.574	16.021.880
Aðrar skammtímaskuldir	20	10.731.581	10.097.188
Skuldir við tengd félög	22	844.130	2.475.254
		<u>76.702.092</u>	<u>67.845.237</u>
Skuldir samtals		376.716.563	416.529.648
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.111.553.090</u>	<u>1.059.632.138</u>
Aðrar upplýsingar	21, 25		

Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir árið 2025

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samts
Hreyfingar 2024						
Staða í ársbyrjun	15.122.610	126.764.582	59.327.238	436.036.960	3.179.252	640.430.642
<i>Heildarafkoma:</i>						
Hagnaður ársins				43.875.836	247.661	44.123.497
Þýðingarmunur			(17.994.385)		(69.621)	(18.064.006)
Bundinn						
- hlutdeildarreikningur			5.534.841	(5.534.841)		0
- gangvirðisreikningur			(974.363)	974.363		0
	0	0	(13.433.907)	39.315.358	178.040	26.059.491
<i>Eigendur:</i>						
Greiddur arður				(23.270.321)		(23.270.321)
Arður til minnihlutaeigenda .					(117.322)	(117.322)
	0	0	0	(23.270.321)	(117.322)	(23.387.643)
Staða í árslok	15.122.610	126.764.582	45.893.331	452.081.997	3.239.970	643.102.490
	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samts
Hreyfingar 2025:						
Staða í ársbyrjun	15.122.610	126.764.582	45.893.331	452.081.997	3.239.970	643.102.490
<i>Heildarafkoma:</i>						
Hagnaður ársins				63.320.681	463.568	63.784.249
Þýðingarmunur			45.379.616		386.367	45.765.983
Bundinn						
- hlutdeildarreikningur			25.244.726	(25.244.726)		0
	0	0	70.624.342	38.075.954	849.935	109.550.232
<i>Eigendur:</i>						
Greiddur arður				(17.687.258)		(17.687.258)
Arður til minnihlutaeigenda .					(128.936)	(128.936)
	0	0	0	(17.687.258)	(128.936)	(17.816.195)
Staða í árslok	15.122.610	126.764.582	116.517.673	472.470.693	3.960.969	734.836.527

Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf. vegna rekstrarársins 2024 var haldinn 20. mars 2025. Á aðalfundinum samþykktu hluthafar tillögu stjórnar um að greiða hluthöfum arð að fjárhæð 2.349,4 milljónir kr. (USD 17,7 milljónir) sem jafngildir 1,27 krónum á hlut (2024: 1,73 krónum á hlut). Arðurinn var greiddur þann 26. mars 2025.

Há fjárhæð þýðingarmunar á árinu 2025 er vegna dótturfélagsins Vísis ehf. og hlutdeildarfélagsins Arctic Fish sem gera bæði upp í evrum (EUR), svo og vegna dótturfélagsins Bergs-Hugins ehf. sem gerir upp í íslenskum krónum (ISK). Vegna þessa er færður jákvæður þýðingarmunur að fjárhæð USD 21,2 milljónir vegna Vísis ehf., USD 13,0 milljónir vegna hlutdeildarfélagsins Arctic Fish og USD 8,9 milljónir vegna Bergs-Hugins ehf. Jafnframt er jákvæður þýðingarmunur vegna annarra dóttur- og hlutdeildarféлага samts fjárhæð USD 2,3 milljón.

Sjóðstreymi samstæðu fyrir árið 2025

	Skýringar	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri			
Rekstrarhagnaður ársins		93.541.451	64.650.204
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	21.841.565	19.356.695
Aðrir liðir		(276.917)	60.869
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		115.106.099	84.067.768
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, (hækkun)		(222.955)	(5.788.137)
Birgðir, (hækkun) lækkun		(3.606.680)	28.915.803
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(6.570.757)	3.630.509
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		104.705.707	110.825.943
Innborgaðir vextir og arðstekjur		4.088.067	6.124.115
Greiddir vextir		(15.330.491)	(20.921.221)
Aðrir fjármunaliðir		8.132.683	1.967.525
Greiddur tekjuskattur		(11.383.354)	(18.005.735)
Handbært fé frá rekstri		90.212.612	79.990.627
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	9	(2.264.599)	(15.848.043)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	9	1.891.766	1.227.172
Breytingar á skuldabréfaeign		(55.340)	0
Keyptir eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	10	(16.624.068)	0
Arður frá hlutdeildarfélögum	10	191.474	204.104
Seldir/(keyptir) eignarhlutir í öðrum félögum		(543)	43.498
		(16.861.310)	(14.373.269)
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir	17	144.993.843	0
Afborganir langtímaskulda	17	(193.684.069)	(37.784.114)
Greiddur arður		(17.687.258)	(23.270.321)
Greiddur arður til minnihlutaeigenda		0	(117.323)
Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir	17	(12.895.026)	16.077.935
		(79.272.510)	(45.093.823)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(5.921.208)	20.523.535
Handbært fé í byrjun árs		101.782.631	81.650.166
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga		1.455.957	(391.070)
Handbært fé í árslok		97.317.380	101.782.631

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Síldarvinnslan hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hafnarbraut 6, Neskaupstað. Samstæðuársreikningurinn fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi samstæðunnar og félagsins er rekstur fiskvinnslu og útgerð.

Dótturfélög sem innifalin eru í samstæðuársreikningnum eru eftirtalin:

	Hlutdeild 2025	Hlutdeild 2024	Megin starfsemi
Bergur-Huginn ehf., Vestmannaeyjum.....	100,00%	100,00%	Sjávarútvegsfyrirtæki
Vísir ehf., Grindavík.....	100,00%	100,00%	Sjávarútvegsfyrirtæki
Sjávarmál ehf., Grindavík (dótturfélag Vísir ehf.).....	100,00%	100,00%	Sjávarútvegsfyrirtæki
Mar Guesthouse ehf., Grindavík (dótturfélag Vísir ehf.).....	100,00%	100,00%	Rekstur gistiheimilis
Vísir GmbH, Þýskaland (dótturfélag Vísir ehf.).....	100,00%	100,00%	Fasteignafélag
DSFU GmbH, Þýskaland (dótturfélag Vísir ehf.).....	100,00%	100,00%	Sölu-og framleiðslufyrirtæki
Pytheas Seafood P.C., Grikkland (dótturfélag Vísir ehf.).....	66,70%	66,70%	Sölu-og framleiðslufyrirtæki
Fóðurverksmiðjan Laxá hf., Akureyri	67,68%	67,68%	Fóðurverksmiðja
Fjárfestingafélagið Vör hf., Neskaupstað.....	60,00%	60,00%	Rekstur eignarhaldsfélaga

Samstæðuársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum félagsins þann 4. mars 2026.

1.1. Breytingar á samstæðunni

Félagið Bergur ehf., sem var í 100% eigu Bergs-Hugins ehf., var sameinað móðurfélagi sínu undir nafni Bergs-Hugins ehf. frá og með 1. janúar 2025. Jafnframt voru félögin Þorvís ehf., og Samvís ehf. sem bæði voru í 100% eigu Vísis ehf., sameinuð móðurfélagi sínu undir nafni Vísis ehf., frá og með 1. janúar 2025.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samstæðuársreikningur Síldarvinnslunnar hf. er gerður til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi kröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs fyrir utan afleiður og fjárfestingar í öðrum eignarhlutum og markaðsverðbréfum sem eru færðar á gangvirði. Þó eru dóttur- og hlutdeildarfélag færð samkvæmt hlutdeildaraðferð. Ársreikningurinn er birtur í bandaríkjadollurum (USD), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins til ársloka 2025. Allar fjárhæðir eru í bandaríkjadollurum (USD).

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum IFRS.

Skýringar

2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum sem og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir um mat er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna – upplýsingar má finna í skýringum 2.10 og 9.
- Forsendur fyrir mati á endurheimtanlegri fjárhæð fiskveiðiheimilda má finna í skýringum 2.9, 2.11 og 8.
- Forsendur fyrir mati á yfirverði í hlutdeildarfélagum er að finna í skýringu 2.3, 2.11 og 10.
- Skýringar og aðferðafræði um niðurfærsla viðskipakrafna má finna í skýringu 14.
- Forsendur fyrir mati birgða er að finna í skýringum 2.12 og 13.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

2.3 Samstæðureikningsskil

a) Dótturfélög

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess á reikningsskiladegi, dótturfélaga. Ráðandi stjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Dótturfélög eru öll fyrirtæki þar sem samstæðan hefur vald til að ráða fjárhagslegri og stjórnunarlegri stefnu, sem fylgir að öðru jöfnu eignarhlut með meira en helmingi atkvæðaréttar. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar yfiráð eru færð yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yfiráðum lýkur. Fjárfestingar í dótturfélögum eru færðar með hlutdeildaraðferð í reikningsskilin.

Samstæðuársreikningur er gerður í samræmi við kostnaðarverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgæringa og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir, skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild.

Markmið samstæðuársreikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

b) Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

Hlutdeildarfélag eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra en hefur ekki yfiráð yfir. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga og er oft miðað við 20% til 50% eignarhlut og/eða áhrif á stjórnun félaganna sem teljast veruleg. Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum eru færðar með hlutdeildaraðferð í reikningsskilin.

c) Hlutdeildaraðferð

Fjárfestingar í dótturfélögum og hlutdeildarfélagum eru færðar með hlutdeildaraðferð við reikningsskil og eru færðar í upphafi á kostnaðarverði. Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða tapi dóttur- og hlutdeildarfélaga eftir kaup er færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í hreyfingum eiginfjárrækinga er færður á eigið fé. Móttekinn arður er færður til lækunar á bókfærðu verði fjárfestingarinnar. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru leiðréttar gagnvart bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Þegar hlutur samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélagsins er jafnmikill eða meiri en hlutdeild hennar í hlutdeildarfélaginu, þ.m.t. allar aðrar ótryggðar viðskiptakröfur, færir samstæðan ekki frekara tap nema hún hafi stofnað til skuldbindinga, gengist í ábyrgð eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd dóttur- og hlutdeildarfélagsins. Bókfært verð fjárfestinga í hlutdeildarfélagum, þ.m.t. viðskiptavild sem innifalin er í bókfærða verðinu, er prófað með tilliti til virðisrýrnunar í samræmi við aðferðir sem lýst er í skýringu 2.11.

Skýringar

2.4 Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar vegna ólíkra efnislegra eða landfræðilegra þátta varðandi áhættu og afkomu annarra rekstrarstarfsþátta samstæðunnar. Rekstrarstarfsþættir eru skilgreindir í samræmi við innri skýrslugjöf til forstjóra sem notuð er í ákvarðanatöku. Samstæðan skilgreinir starfsemina í tvo rekstrarstarfsþætti. Frekari grein er gerð fyrir starfsþáttum samstæðunnar í skýringu 3.

2.5 Skráning tekna

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að fráðregnum virðisaukaskatti og afslætti og eftir að innbyrðis sala innan samstæðunnar hefur verið felld niður.

(a) Sala á vörum og þjónustu

Samstæðan framleiðir og selur úrval af sjávarafurðum, fyrst og fremst frystar, saltfisks- og ferskar afurðir svo og mjöl og lýsi. Hluti afurða er seldur í gegnum umboðssölufyrirtæki sem sér um samskipti, gefur út reikninga og sér um innheimtu hjá viðskiptavinum, en í slíkum tilvikum gefur samstæðan út reikninga á umboðssölufyrirtækið þegar sala hefur átt sér stað. Mjöl og lýsi er selt beint til viðskiptavina. Öll viðskipti eru með hefðbundnum greiðsluskilmálum og mörg með ábyrgðum í viðskiptum. Samstæðan selur einnig úrval af fóðri til fiskeldis til viðskiptavina innanlands.

Tekjur af sölu eru færðar þegar yfirráð yfir vörunum hefur verið flutt til kaupenda, sem er þegar vörurnar hafa verið afhentar. Afhending fer fram þegar kaupandi hefur tekið við vörunum samkvæmt flutningsskilmálum, áhættan á úreldingu og tapi hefur verið flutt til hans og annað hvort hefur kaupandi samþykkt vörurnar í samræmi við sölusamninginn, staðfestingarákvæði hafa liðið eða samstæðan hefur hlutlægar vísbendingar um að öll skilyrði fyrir viðurkenningu hafi verið fullnægt. Reikningar eru að jafnaði gefnir út þegar afhending hefur átt sér stað og eru á gjalddaga við útgáfu. Samstæðan færir ekki skuldbindingu vegna væntra vöruskila þar sem reynslan sýnir að fjárhæðir hafa verið óverulegar.

2.6 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

(a) Fjármunatekjur

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta vegna allra fjármálagerninga sem færðir eru á kostnaðarverði. Arðstekjur eru færðar þegar réttur til greiðslu er fastsettur. Gangvirðisbreytingar fjárfestinga og afleiða á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna.

(b) Fjármagnsgjöld

Öll fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

(c) Tekjur (gjöld) af verðbréfum og afleiðusamningum

Allar hreyfingar á verðbréfum og afleiðusamningum á gangvirði sem færðar eru í rekstrareikning eru taldar hér með. Annars vegar er það arður, vextir og verðbreytingar á hlutabréfum og skuldagerningum á gangvirði, og hins vegar eru það vextir, gengismunur og verðbreytingar á afleiðusamningum.

Skýringar

2.7 Erlendir gjaldmiðlar

Starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar er bandarískir dollarar (USD). Reikningsskil dótturfélaga eru bæði í íslenskum krónum (ISK) og evrum (EUR). Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en bandarískum dollurum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Fjáreignir og fjárskuldir í öðrum gjaldmiðlum en bandarískum dollar (USD) eru færðar miðað við opinbert skráð árslokagengi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning, nema í þeim tilfellum þar sem hann er hluti af eignfærðum fjármagnskostnaði.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2025	2024	31.12.2025	31.12.2024
Íslensk króna (ISK)	0,0078	0,0073	0,0080	0,0072
Evra (EUR)	1,1268	1,0825	1,1757	1,0412
Sterlingspund (GBP)	1,3157	1,2789	1,3495	1,2540
Dönsk króna (DKK)	0,1510	0,1451	0,1574	0,1396
Norsk króna (NOK)	0,0962	0,0932	0,0994	0,0884
Japanskt jen (JPY)	0,0067	0,0066	0,0064	0,0064

2.8 Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í samstæðuársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt samstæðuársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur af tímabundnum mismun milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðuársreikningsskilunum er færður að fullu til skuldar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattinneign er innleyst eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp. Tekjuskattshlutfall vegna frestaðs tekjuskatts er reiknað 20%.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundinn mismun á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

2.9 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum fiskveiðiheimildum.

Keyptar fiskveiðiheimildir eru færðar til eignar á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisýrnunarpróf að minnsta kosti árlega.

Skýringar

2.10 Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar sem rekstrarfjármunir þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Um er að ræða varanlega rekstrarfjármuni sem eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Lóðir eru ekki afskrifaðar. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðarverði þeirra og áætluðu hrakvirði er dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna. Meiriháttar endurbætur eru afskrifaðar á líftíma viðkomandi eignar eða þeim tíma sem líður að næstu meiriháttar endurbótum, hvort sem skemur er.

Hrakvirði eigna og nýtingartími er endurskoðaður árlega og leiðréttur, ef við á.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning.

2.11 Virðisrýrnun annarra eigna en fjáreigna

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð annarra eigna en fjáreigna yfirfarið með tilliti til vísbendinga um virðisrýrnun. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur samstæðan endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Skýringar

2.12 Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söliverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði. Birgðir af rekstrarvörum og veiðafærum eru færðar á áætluðu kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu, ef við á.

2.13 Fjármálagerningar

Fjármálagerningar eru færðir í upphafi á gangvirði. Fjármálagerningar eru færðir á viðskiptadegi, en það er dagurinn sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjáreignir eru afskráðar þegar réttindi til að fá sjóðstreymi af fjáreignunum eru útrunnin eða hafa verið yfirfærð og samstæðan hefur yfirfært að mestu alla áhættu og umbun eignarhalds.

Samstæðan flokkar fjáreignir sínar í eftirfarandi matsflokka:

- þær sem eru færðar á gangvirði (annað hvort í gegnum aðra heildarafkomu eða í rekstrarreikning); og
- þær sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Flokkunin byggist annars vegar á viðskiptalíkani samstæðunnar við stýringu á fjáreignum og hins vegar á samningsskilmálum sjóðstreymisins. Fjáreignir sem er haldið til að hagnast á skammtímaverðbreytingum eru færðar á gangvirði. Eignarhlutar í öðrum félögum en hlutdeildarfélögum og dótturfélögum eru metnir á gangvirði og er hagnaður og tap fært í rekstrarreikning. Afleiður eru færðar á gangvirði. Fjáreignir sem er haldið til innheimtu samningsbundins sjóðstreymis, þar sem sjóðstreymi er eingöngu greiðsla höfuðstóls og vaxta, eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Vaxtatekjur af þessum fjáreignum eru færðar með fjármagnstekjum með aðferð virkra vaxta.

Samstæðan afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

Fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

2.14 Afleiður

Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði og endurmetnir til gangvirðis í lok hvers uppgjörstímabils. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikningi.

2.15 Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði, að teknu tilliti til gengismunar og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Félagið metur hvort ástæða sé til niðurfærslu vegna kröfufjármögnunar. Ef um niðurfærslu er að ræða þá er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Skýringar

2.16 Virðisrýrnun fjáreigna

Samstæðan metur vænt útlánatap tengt viðskiptakröfum sínum og öðrum eignum í skuldagerningum sem eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði. Aðferðafræðin við mat á virðisrýrnun sem beitt er fer eftir því hvort umtalsverð aukning hefur verið á útlánaáættu. Að því er varðar viðskiptakröfur notar samstæðan þá einfölduðu nálgun sem IFRS 9 heimilar, þar sem krafist er að samstæðan meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafnanna.

Færð er almenn virðisrýrnun og sértæk virðisrýrnun. Við mat á almennri virðisrýrnun er viðskiptakröfum samstæðunnar skipt niður eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til tapssögu félagsins og leiðrétt fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Samstæðan metur einnig einstaka viðskiptavinum eða hópa viðskiptavina sérstaklega ef þeir falla ekki undir ákveðinn flokk eða ef vísbendingar eru um aukna tapsáættu.

Á hverjum uppgjörsdegi er fært yfir hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er. Vísbending um að virði fjáreignar hafi rýrnað eru ýmsar hlutlægar vísbendingar um að einn eða fleiri atburðir sem geta haft áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar. Ef vænt sjóðstreymi fjáreignarinnar er lægra en bókfært verð hennar er færð sértæk virðisrýrnun á fjáreigninni.

Virðisrýrnun er færð á afskriftarreikning fjáreigna í efnahagi og gjaldfærð í rekstrarreikningi. Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur og bakfært úr rekstrarreikningi.

2.17 Handbært fé

Handbært fé í efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

2.18 Skuldir við lánastofnanir

Langtíma- og skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vextir, gengismunur og verðbætur færast í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður er eignfærður við lántöku og gjaldfærður eftir lánstíma, með aðferð virkra vaxta.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu reikningsskila.

2.19 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

2.20 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútsreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

2.21 Leigusamningar

Samstæðan er leigutaki. Samstæðan metur hvort nýir samningar feli í sér leigu samkvæmt skilgreiningu IFRS 16. Ef svo er, þá eru leigusamningar færðir til eignar og skuldar með því að afvaxta leigugreiðslur með innri vöxtum samningsins eða með vöxtum sem samstæðunni bjóðast. Leigueignir eru eftir það afskrifaðar á áætluðum líftíma leigunnar. Leigueignir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Nýtingarréttur eignar endurspeglar upphaflegt mat á leiguskuldinni. Leigugreiðslum er skipt á milli afborgunar af leiguskuldum og vaxta, með aðferð virkra vaxta. Leiguréttindi eru eignfærð í efnahagsreikningi.

Skýringar

2.22 Nýir og breyttir reikningsskilastaðlar og túlkun á þeim

Endurbætur sem tóku gildi þann 1. janúar 2025

Samstæðan hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla, (IFRS, IAS) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok árs 2025, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Innleiðing þessara breytinga hafa ekki veruleg áhrif á samstæðureikninginn. Eftirfarandi endurbætur tóku gildi þann 1. janúar 2025.

- Í ágúst 2023 breytti IASB, IAS 21 með því að bæta við kröfum sem hjálpa fyrirtækjum að ákvarða hvort gjaldmiðill sé skiptanlegur í annan gjaldmiðil og hvaða staðgengi skuli nota þegar svo er ekki. Áður en þessar breytingar voru gerðar kvað IAS 21 á um hvaða gengi skyldi nota þegar skiptanleiki vantaði tímabundið, en ekki hvað skyldi gera þegar skortur á skiptanleika er ekki tímabundinn.

2.23 Nýir reikningsstaðlar og túlkanir sem ekki hafa tekið gildi

Nokkrar breytingar á reikningsskilastöðlum hafa verið gerðar sem hafa ekki tekið í gildi fyrir reikningsskil 31. desember 2025 og hafa ekki verið innleiddar fyrir gildistíma við gerð þessara reikningsskila. Mat samstæðunnar á nýjum og breytum á stöðlum er sett fram hér að neðan.

Breytingar sem gilda fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2026 eða síðar.

- Viðbótarskýringarkröfur fyrir tiltekinna fjármálagerninga með samningsskilmála sem geta breytt sjóðstreymi þess (IFRS 9 og IFRS 7). Stjórnendur hafa lagt mat á hugsanleg áhrif innleiðingar á IFRS 9 og IFRS 7. Áhrif innleiðingarinnar á samstæðuna er ekki veruleg.

- Í júlí 2024 gaf IASB út níu afmarkaðar breytingar sem hluta af reglubundnu viðhaldi á IFRS reikningsskilastöðlum. Breytingarnar fela í sér skýringar, einfaldanir, leiðréttingar eða breytingar til að bæta samræmi í, IFRS 1 Innleiðing IFRS, IFRS 7 Fjármálagerningar, IFRS 9 Fjármálagerningar, IFRS 10 Samstæðureikningsskil og IAS 7 Sjóðstreymi, áhrif innleiðingarinnar á samstæðuna eru ekki veruleg.

Breytingar sem gilda fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2027 eða síðar.

- IFRS 18 mun koma í stað núverandi staðals, IAS 1 Framsetning reikningsskila, þar sem nýjar kröfur eru kynntar en markmiðið með staðlinum er að ná frekari samanburðarhæfni á fjárhagslegrar frammistöðu sambærilegra aðila og veita meiri viðeigandi upplýsingar og gagnsæi fyrir notendur. Jafnvel þó að IFRS 18 hafi ekki áhrif á færslu eða mat á liðum í reikningsskilum, er búist við að áhrif hans á framsetningu og upplýsingagjöf verði viðtæk.

- Stjórnendur hafa lagt mat á hugsanleg áhrif innleiðingar á IFRS 18.

- Samstæðan mun beita nýja staðlinum frá gildistökudegi hans, 1. janúar 2027. Krafa er um að beita staðlinum afturvirkir og því verða samanburðarupplýsingar fyrir reikningsárið sem lýkur 31. desember 2026 endurbirtar í samræmi við IFRS 18.

2.24 Skilgreining á lykil kennitölum og hugtökum

EBIT

Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld og skatta.

EBITDA

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld og skatta. Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna eru ekki innifalin EBITDA.

EBITDA hlutfall

EBITDA sem hlutfall af rekstrartekjum.

Eiginfjárlutfall

Eigið fé sem hlutfall af heildareignum.

Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals virks hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár.

Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga við starfsmenn og ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

Ávöxtunarkrafa (WACC)

Vegið meðaltal reiknaðra vaxta af lánsfé og eigin fé.

Skýringar

3. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspættir eru skilgreindir í samræmi við eðli rekstrar og innri skýrslugjöf samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir hjá sér tvo starfspætti, *Útgerð* og *Landvinnslu*, aðrir starfspættir falla undir liðinn *Annað*.

	Útgerð	Landvinnsla	Annað	Eigin afli	Jöfnunar- færslur	Samtals
2024						
Seldar vörur	145.864.235	243.028.431	35.894.361	(84.208.794)	(15.827.324)	324.750.909
Hagnaður af sölu eigna	0	332.887	46.994	0	0	379.881
Kostnaðarverð seldra vara	53.281.635	158.038.421	31.191.776	(84.208.794)	(15.827.324)	142.475.714
Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn.	55.195.148	26.287.070	7.597.485	0	0	89.079.703
Annar rekstrarkostn.	2.214.542	1.755.673	5.169.383	0	0	9.139.598
Sölutap	218.957	209.919	0	0	0	428.876
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir	34.953.953	57.070.235	(8.017.290)	0	0	84.006.899
Afskriftir fastafjármuna ...	(10.802.272)	(7.996.186)	(558.237)	0	0	(19.356.695)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)						(7.835.416)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga						(715.412)
Tekjuskattur						(11.975.879)
Hagnaður ársins						44.123.497
Fjárfestingar	(5.302.884)	(9.101.424)	(1.443.735)	0	0	(15.848.043)
Rekstrarfjármunir	118.018.074	109.479.371	7.853.773	0	0	235.351.218
Óefnislegar eignir, óskiptar						483.158.867
Aðrar eignir, óskiptar						341.122.053
Skuldir, óskiptar						(416.529.648)

	Útgerð	Landvinnsla	Annað	Eigin afli	Jöfnunar- færslur	Samtals
2025						
Seldar vörur	187.731.093	270.234.039	40.399.856	(105.142.812)	(15.126.127)	378.096.049
Hagnaður af af sölu eigna	37.053	0	239.864	0	0	276.917
Kostnaðarverð seldra vara	64.696.641	169.700.369	35.604.882	(105.142.812)	(15.126.127)	149.732.953
Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn.	66.180.639	30.795.771	8.185.178	0	0	105.161.588
Annar rekstrarkostn.	1.989.359	1.658.076	4.447.974	0	0	8.095.409
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir	54.901.507	68.079.823	(7.598.313)	0	0	115.383.016
Afskriftir fastafjármuna ...	(12.291.754)	(8.911.955)	(637.856)	0	0	(21.841.565)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)						(7.072.865)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga						(5.214.474)
Tekjuskattur						(17.469.863)
Hagnaður ársins						63.784.249
Fjárfestingar	(167.557)	(1.474.921)	(622.121)	0	0	(2.264.599)
Rekstrarfjármunir	109.581.812	104.344.489	6.602.115	0	0	220.528.416
Óefnislegar eignir, óskiptar						522.037.627
Aðrar eignir, óskiptar						368.987.047
Skuldir, óskiptar						(376.716.563)

Skýringar

3. Starfspáttayfirlit (framhald)

- 1) Útgerð. Til tekna hjá útgerð teljast fyrst og fremst aflatekjur en kostnaður útgerðar felst aðallega í rekstri fiskiskipa að meðtöldum veiðarfærum, aflahlutum sjómanna og launatengdum gjöldum og veiðigjöldum.
- 2) Landvinnsla. Til tekna hjá landvinnslu teljast fyrst og fremst seldar afurðir en til kostnaðar eigin afli sem landað er úr skipum samstæðunnar ásamt öðru keyptu hráefni til landvinnslunnar svo og laun, launatengd gjöld, kostnaður við rekstur og viðhald framleiðslutækja.
- 3) Aðrir starfspættir. Önnur starfsemi félaga innan samstæðunnar, sem ekki er sérstaklega skilgreind sem útgerð eða landvinnsla fellur undir liðinn annað. Meðtalið í þessum lið er starfsemi Fóðurverksmiðjunnar Laxár ehf. (sem framleiðir fóður fyrir eldisfisk), og Pytheas í Grikklandi (sem sér um sölustarfssemi afurða), ásamt stjórnunar- og rekstrarkostnaði sem ekki er heimfærður á áðurgreinda starfspætti.

Á meðal kostnaðarverðs seldra vara er gjaldfært veiðigjald sem samstæðan greiðir skv. lögum nr. 145/2018. Á árinu 2025 nam veiðigjaldið 14.146 þús. USD (2024: 9.257 þús. USD).

Á meðal kostnaðarverðs seldra vara er gjaldfærður orkukostnaður samstæðunnar. Á árinu 2025 var orkukostnaður samstæðunnar 25,6 milljónir USD (2024: 28,2 milljónir USD).

4. Seldar vörur

Samstæðan selur afurðir sínar að mestum hluta til Vestur- og Austur-Evrópu. Tiltekna afurðir eru seldar til Asíu og Ameríku, en óverulegur hluti fer til annarra heimssvæða. Meirihluti allra tekna útgerðar sem ekki fer í eigin vinnslu er í Vestur-Evrópu. Það sama á við um aðrar tekjur. Landsvæðaskipting greinist þannig árin 2025 og 2024.

	Vestur- Evrópa	Austur- Evrópa	Asía	Ameríka	Samtals
2024					
Seldar vörur	250.001.977	53.947.439	15.317.680	5.483.813	324.750.909
2025					
Seldar vörur	279.318.215	65.039.756	32.367.929	1.370.149	378.096.049

5. Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður

Laun og annar starfsmannakostnaður greinist þannig:	2025	2024
Laun	81.907.067	71.206.940
Endurgreiðslur frá Vinnumálastofnun til Vísis í Grindavík	0	(1.477.252)
Lífeyrissjóðsgjöld	10.784.064	8.957.320
Önnur launatengd gjöld	7.766.488	6.629.693
Annar starfsmannakostnaður	4.703.969	3.763.002
	105.161.588	89.079.703
Stöðugildi að meðaltali	646	603

Samstæðan er skuldbundin til að greiða lögbundin og samningsbundin iðgjöld með framlagi í almenna lífeyrissjóði og séreignarsjóði. Samstæðan hefur engar frekari greiðsluskyldur umfram þessi framlög. Samstæðan færir þessi iðgjöld meðal launatengdra gjalda þegar þau falla til. Starfskjör til skamms tíma fela í sér laun, bónus, hlunnindi og launaðar fjarvistir. Starfskjör til skamms tíma eru gjaldfærð hjá samstæðunni eftir því sem hin tengda þjónusta er veitt. Samstæðan hefur ekki skilgreint eftirlaunakerfi né virkt kaupaukakerfi.

Sjá umfjöllun í skýringu 22 um laun og þóknanir til stjórnar og lykilstjórnenda.

Skýringar

6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2025	2024
Sérfræðipjónusta	2.576.098	3.023.240
Rekstur tölvukerfis	1.411.846	1.232.288
Ferðakostnaður, félagsgjöld, risna o.fl.	2.094.019	2.113.448
Skrifstofukostnaður	489.062	508.278
Breyting niðurfærslu viðskiptakrafna	(249.457)	167.909
Ýmis annar kostnaður	1.773.841	2.094.436
	<u>8.095.409</u>	<u>9.139.598</u>

Þóknun til endurskoðenda er færð meðal annars rekstrarkostnaðar og sundurliðast þannig:

Endurskoðun samstæðuársreiknings og ársreikninga dótturfélaga:	2025	2024
Endurskoðun og staðfestingarvinna frá endurskoðendum félagsins.....	493.854	503.074
Önnur þjónusta frá endurskoðendum félagsins.....	14.504	88.750
Endurskoðun og önnur þjónusta frá öðrum endurskoðendum.....	111.610	143.569
	<u>619.968</u>	<u>735.394</u>

Önnur þjónusta frá endurskoðendum félagsins á árinu 2025 er vegna vinnu við samruna félaga og aðra heimila þjónustu. Aðkeypt þjónusta frá öðrum endurskoðendum árið 2025 er vegna reikningsskilapjónustu, endurskoðunar erlendra dótturfélaga, milliverðlagningar og fleira.

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Hreinar fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Skammtíma- eign / skuld	Langtíma- eign / skuld	Aðrir liðir	Samtals 2025	Samtals 2024
Vaxtatekjur og verðbætur	3.985.337	0	78.064	4.063.401	6.140.164
Vaxtagjöld og verðbætur	(993.516)	(13.402.576)	(171.771)	(14.567.863)	(19.765.437)
Gengismunur	7.554.751	(4.735.681)	70.871	2.889.941	3.882.096
Tekjur af verðbréfum og afleiðusamningum	0	0	541.656	541.656	1.907.761
	<u>10.546.572</u>	<u>(18.138.257)</u>	<u>518.820</u>	<u>(7.072.865)</u>	<u>(7.835.416)</u>

Tekjur (gjöld) af verðbréfum og afleiðusamningum greinast þannig:

Arður af hlutabréfum	25.992	23.941
Hagnaður (tap) af gjaldmiðlaskiptasamningum	163.011	948.430
Hagnaður af vaxtaskiptasamningum	359.941	1.501.271
Verðbreytingar verðbréfa	(7.289)	(565.881)
	<u>541.655</u>	<u>1.907.761</u>

Skýringar

8. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru fólgnar í fiskveiðiheimildum og greinist bókfært verð þeirra þannig:

Fiskveiði-heimildir

Árslok 2024:	
Bókfært verð í ársbyrjun	497.275.290
Áhrif þýðingarmunar	(14.116.423)
Bókfært verð í árslok	483.158.867

Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:

Kostnaðarverð	524.924.599
Afskrifað samtals	(41.765.732)
Bókfært verð í árslok	483.158.867

Árslok 2025:	
Bókfært verð í ársbyrjun	483.158.867
Áhrif þýðingarmunar	38.878.760
Bókfært verð í árslok	522.037.627

Bókfært verð í árslok 2025 greinist þannig:

Kostnaðarverð	565.233.253
Afskrifað samtals	(43.195.626)
Bókfært verð í árslok	522.037.627

Bókfært verð fiskveiðiheimilda samstæðunnar hefur verið metið gagnvart endurheimtanlegu virði eignanna, byggt á fyrirliggjandi upplýsingum um hreint söluvirði. Jafnframt hefur verið framkvæmt virðisrýrnunarpróf á eignunum miðað við bókfærða stöðu þeirra í árslok 2025. Í prófinu eru endurheimtanlegar fjárhæðir metnar út frá forsendum um áætlað framtíðar fjárstreymi og fjárhæðir færðar til núvirðis með viðeigandi ávöxtunarkröfu. Niðurstaða virðisrýrnunarprófsins er að engar vísbendingar hafa komið fram um virðisrýrnun og er því engin virðisrýrnun vegna fiskveiðiheimilda færð í ársreikningnum.

Samstæðan hefur yfirfarið hvort áhrif af stríðsátökum í Úkraínu á markaði og sjóðstreymi geti leitt til virðisrýrnunar. Niðurstaðan er að svo sé ekki.

Við mat á endurheimtanlegri fjárhæð fiskveiðiheimilda var stuðst við eftirfarandi forsendur:

	Bolfisktegundir		Uppsjávartegundir	
	2025	2024	2025	2024
Nafnvöxtur tekna 2024/2025 2023/2024.....	31,80%	(23,00%)	10,20%	(27,20%)
Veginn meðalvöxtur tekna 2026 til 2030 2025 til 2029.....	2,50%	2,50%	4,97%	5,83%
Framtíðarvöxtur að teknu tilliti til verðlagsþróunar.....	2,50%	2,50%	2,50%	2,50%
Ávöxtunarkrafa (WACC).....	8,34%	8,63%	8,34%	8,63%

Ástæða fyrir miklum nafnvexti á árinu 2025 er fyrst og fremst vegna hækkana á afurðaverðum og vegna áhrifa jarðhræringa 2024.

Skýringar

8. Óefnislegar eignir (framhald)

Aflaheimildir samstæðunnar greinast þannig:	Hlutdeild í úthlutun	Úthlutaðar heimildir, tonn	Óveidd tonn	Óveidd tonn
Tegund:	2025/2026	2025/2026	31.12.2025	31.12.2024
<i>Bolfiskur:</i>				
Þorskur.....	9,38%	15.014	8.478	8.709
Ýsa.....	14,85%	9.139	5.466	5.795
Ufsi.....	8,98%	4.247	4.338	5.181
Karfi/gullkarfi.....	7,95%	2.727	2.219	2.730
Grálúða.....	7,02%	723	875	550
Annar bolfiskur.....		5.513	5.425	5.572
Þorskur í Barentshafi (RU og NL).....	4,41%	0	0	0
Krókaflamark.....		1.945	1.831	1.673
		<u>39.308</u>	<u>28.632</u>	<u>30.210</u>
<i>Uppsjávarfiskur:</i>				
Loðna.....	18,49%	26.418	26.418	820
Síld.....	16,63%	16.283	(90)	2.226
Kolmunni (deilistofn).....	29,92%	50.894	55.390	83.749
Norsk íslensk síld (deilistofn, áætlun).....	21,37%	16.856	16.648	12.439
Makrill (deilistofn, áætlun).....	12,63%	3.755	3.931	15.611
		<u>114.206</u>	<u>102.297</u>	<u>114.845</u>
Samtals aflaheimildir í þorskígildum (tonn).....		<u>47.222</u>	<u>36.068</u>	<u>36.119</u>

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 skal ráðherra að fengnum tillögum Hafrannsóknarstofnunar ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili úr nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

Fiskveiðiárið er frá 1. september til 31. ágúst ár hvert, innan þess er úthlutun og nýting á aflaheimildum innan íslenskrar lögsögu. Heildarafla í einstaka tegundum er ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert og úthlutað aflamarki á skip 1. september. Ef upp koma nýjar upplýsingar um stofna er ráðherra heimilt innan fiskveiðiársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra tegunda.

Á síðasta ári varð sú breyting að veiðitímabil á íslenskrí síld var breytt og er það nú frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Loðnu er úthlutað á grundvelli niðurstöðu úr haust- og vetrarleiðöngnum, en loðnuvertíðin stendur frá janúar fram í mars. Úthlutun á makríl 2026 liggur ekki fyrir en búið er að áætla úthlutun í töflunni hér að framan.

Norður-Íshafsporski í rússneskrí og norskrí lögsögu er úthlutað á grundvelli samnings milli Íslands, Rússlands og Noregs frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum við samninginn frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar. Íslensk skip fá ekki úthlutaða neinum heimildum í rússneskrí né norskrí lögsögu árið 2026 sökum lélegrar stöðu á þorski á því svæði.

Deilistofnar strandríkja í Norður-Atlantshafi eru norsk-íslensk síld, kolmunni og makrill og er þessum deilistofnum úthlutað fyrri hluta hvers árs. Nær veiðitímabil þeirra frá 1. janúar til 31. desember. Óvissa er með þessa stofna sökum þess að strandríkin hafa ekki komið sér saman um skiptingu. Ráðherra ákveður hlutdeild Íslands í þessum stofnum að teknu tilliti til veiðireynslu. Úthlutun getur dregist fram á árið en ráðherra hefur úthlutað með góðum fyrirvara áður en veiði úr viðkomandi stofnum hefst.

Aflaheimildir eru miðaðar við þorskígildi sem Matvælaráðuneytið reiknar og gefur út fyrir 15. júlí ár hvert á grundvelli 19. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

Skýringar

9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir felast í varanlegum rekstrarfjármunum. Leiguréttindi eru jafnframt flokkuð meðal rekstrarfjármuna. Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Verksmiðju- vélar og tæki	Samtals
Árslok 2024:				
Bókfært verð í ársbyrjun	50.409.095	123.449.022	63.534.007	237.392.125
Viðbót ársins	2.364.300	5.339.521	8.144.222	15.848.043
Bókfært verð seldra eigna	(726.983)	(507.074)	(111.873)	(1.345.930)
Flutt af fastafjármunum í smíðum	2.675.668	0	0	2.675.668
Áhrif gengisbreytinga	(747.972)	(721.568)	(897.606)	(2.367.144)
Afskriftir	(2.111.753)	(10.641.215)	(6.336.168)	(19.089.136)
Bókfært verð í árslok	51.862.355	116.918.686	64.332.582	233.113.626

Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:

Kostnaðarverð	102.315.014	193.655.920	161.658.591	457.629.525
Afskrifað samtals	(50.452.659)	(76.737.234)	(97.326.009)	(224.515.900)
Bókfært verð í árslok	51.862.355	116.918.686	64.332.582	233.113.626

Árslok 2025:

Bókfært verð í ársbyrjun	51.862.355	116.918.686	64.332.582	233.113.626
Viðbót ársins	623.803	167.557	1.473.240	2.264.599
Bókfært verð seldra eigna	(1.566.117)	(36.754)	(11.980)	(1.614.851)
Áhrif gengisbreytinga	1.642.888	3.689.407	880.276	6.212.571
Afskriftir	(3.483.861)	(12.208.460)	(5.878.393)	(21.570.714)
Bókfært verð í árslok	49.079.068	108.530.436	60.795.725	218.405.234

	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Verksmiðju- vélar og tæki	Samtals
Bókfært verð í árslok 2025 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	105.666.764	204.141.668	162.921.766	472.730.198
Afskrifað samtals	(56.587.696)	(95.611.232)	(102.126.041)	(254.324.964)
Bókfært verð í árslok	49.079.068	108.530.436	60.795.725	218.405.234
Afskriftahlutfall á ári	0-6%	4-10%	6-20%	

Afskriftir greinast þannig:

	2025	2024
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	21.570.714	19.089.136
Afskriftir leiguréttinda og geymsluhólfa	270.851	267.559
	21.841.565	19.356.695

Skýringar

9. Rekstrarfjármunir (framhald)

Leiguréttindi

Félög innan samstæðunnar hafa gert langtímaleigusamninga um leigu á nótahólfum. Samingarnir eru til 25 ára en leigutaki hefur rétt til ótímabundinnar framlengingar á leigu að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Umsamin leigufjárhæð var öll greidd á árinu 2019 og færð sem langtímakrafa. Á árinu 2022 voru tvö nótahólf tekin til viðbótar á leigu og umsamin leigufjárhæð öll greidd í byrjun árs 2022. Leiguréttindin eru afskrifuð á 25 árum. Þróun leigueignar greinist þannig á árinu:

	2025	2024
Leiguréttindi í upphafi árs	2.237.592	2.593.158
Afskrift leiguréttinda og geymsluhólfa	(270.851)	(267.559)
Áhrif gengisbreytinga	156.441	(88.007)
	<u>2.123.182</u>	<u>2.237.592</u>

Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

Fasteignamat og vátryggingamat eigna í árslok greinist þannig:

	Fasteigna- mat, hús	Fasteigna- mat, lóð	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir	61.712.907	7.981.366	267.517.554	49.079.068
Skip og fylgihlutir	0	0	222.714.617	108.530.436
Vélar og tæki, eignatryggingar	0	0	371.183.511	60.795.725
	<u>61.712.907</u>	<u>7.981.366</u>	<u>861.415.683</u>	<u>218.405.234</u>

10. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum greinast þannig:	Eignarhlut- deild í %	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð í lok árs
Atlantic Coast Fisheries Corp., Bandaríkjunum.....	100,00%	(122.085)	3.506.200
Haustak hf., Grindavík.....	50,00%	325.187	980.419
Cabo Norte 2014 S.A. Spáni.....	50,00%	(37.127)	6.025.901
SR-Vélaverkstæði hf., Siglufirði.....	37,30%	(144.266)	456.084
Arctic Fish Holding A.S., Noregi.....	35,89%	(9.349.309)	131.330.104
Polar Pelagic A.S., Grænlandi.....	33,00%	3.856.597	14.946.835
G. Skúlason vélaverkstæði hf., Neskaupstað.....	24,95%	67.768	629.570
Rauðáþing ehf., Neskaupstað.....	24,95%	169.643	690.973
Miðhús ehf., Neskaupstað.....	46,70%	19.118	796.966
		<u>(5.214.474)</u>	<u>159.363.052</u>

Skýringar

10. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum (framhald)

Breyting á eignarhlutum í hlutdeildarfélagum greinast á eftirfarandi hátt:	2025	2024
Hlutdeild 1/1	132.870.411	141.416.328
Hrein hlutdeild í afkomu	(5.214.474)	(715.412)
Mótttekinn arður	(191.474)	(204.104)
Keypt á árinu	16.624.068	0
Breyting á virkri eignarhlutdeild og aðrar breytingar	33.725	82.430
Áhrif gengisbreytinga	15.240.796	(7.708.830)
	<u>159.363.052</u>	<u>132.870.411</u>

Síldarvinnslan hf. á 35,89% eignarhlut í Arctic Fish Holding AS sem skráð er á Euronext markaðinn í Noregi. Eftirfarandi upplýsingar eru úr ársreikningi Arctic Fish Holding AS 2025 (fjárhæðir í USD).

	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir	165.645.853	143.378.336
Veltufjármunir	158.145.942	116.846.384
Langtímaskuldir	(163.697.687)	(142.501.088)
Skammtímaskuldir	(44.517.419)	(25.724.468)
Eigið fé	<u>115.576.689</u>	<u>91.999.164</u>
Tekjur ársins	100.665.673	87.576.870
Hagnaður (tap) ársins	(28.229.117)	2.830.752
Hlutdeild í hagnaði (tapi) ársins (34,2% - 35,89%)	(9.349.309)	968.117
Hlutdeild í lok árs (35,89%)	41.480.474	31.463.715
Yfirverð skilgreint sem viðskiptavild	89.849.630	79.572.968
Eignarhluti í árslok (35,89%)	<u>131.330.104</u>	<u>111.036.683</u>

Í lok ársins nam skráð markaðsvirði bréfa Síldarvinnslunnar í Arctic Fish Holding AS USD 51.381.865 (NOK 516.832.128).

Í lok reikningsársins var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á nýtingarvirði viðskiptavildar sem innbyggt er í bókfært verð eignarhlutar í Arctic Fish Holding AS. Virðisrýrnunarprófið sýnir að viðskiptavildin stendur undir bókfærðu verði. Nýtingarvirðið byggist annars vegar á mati á endurheimtanlegu virði, þar sem tekið er tillit til verðmæta á leyfum og hins vegar sjóðstreymismati rekstrarins byggt á forsendum stjórnenda Arctic Fish Holding AS. Síldarvinnslan hf. og Mowi ASA Noregi fara með 89,71% hlutafjár í Arctic Fish og endurspeglar velta hlutabréfa félagsins á markaði það.

Mat stjórnenda Síldarvinnslunnar hf. er að ekki sé þörf á að færa virðisrýrnun vegna viðskiptavildar sem innifalin er í verðmæti eignarhlutans. Því er engin virðisrýrnun gjaldfærð á árinu 2025. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild. Lykilforsendur sjóðstreymismatsins eru framtíðarvöxtur að teknu tilliti til verðlagsþróunar 2,5% og ávöxtunarkrafa (WACC) uppá 8,42%.

Starfsemi Atlantic Coast Fisheries Corp. felst í 25% eignarhaldi á F/V Holdings LLC sem er útgerðarfélag í Bandaríkjunum. Af þeim sökum er eignahluturinn færður sem hlutdeildarfélag.

Skýringar

10. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum (framhald)

Eftirfarandi upplýsingar eru samtölur úr öllum hlutdeildarfélögum Síldarvinnslunnar hf. að undanskildu félaginu Arctic Fish Holding AS 2025 sem fjallað er um hér framan í skýringunni. (fjárhæðir í USD).

	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir	51.657.859	49.519.731
Veltufjármunir	43.928.914	23.922.674
Langtímaskuldir	(9.477.026)	(11.375.166)
Skammtímaskuldir	(23.414.373)	(16.991.385)
Eigið fé	62.695.375	45.075.854
Tekjur ársins	88.098.913	59.940.151
Hagnaður (tap) ársins	12.746.403	(4.115.907)
Hlutdeild í hagnaði (tapi) ársins	4.134.835	(1.683.529)
Hlutdeild í lok árs	24.577.456	18.600.874
Yfirverð skilgreint sem viðskiptavild	3.455.492	3.232.854
Eignarhluti í árslok	28.032.948	21.833.728

11. Eignarhlutar öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast á eftirfarandi hátt:	31.12.2025	31.12.2024
Hampiðjan hf.	1.534.766	1.398.139
VOOT Beita ehf.	336.455	297.973
Fiskmarkaður Austurlands ehf.	118.943	118.943
Lifarsamlag Vestmannaeyja ehf.	156.886	141.623
Loðnuvinnslan hf.	40.216	40.216
Önnur félög, ósundurliðað	254.300	168.206
	2.441.566	2.165.100

Í skýringu 23 er gerð frekari grein fyrir gangvirðismati eignanna.

12. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign samstæðunnar greinist þannig:	31.12.2025	31.12.2024
<i>Skuldabréfaeign til lengri tíma en 12 mánaða:</i>		
Staða í ársbyrjun	53.327	66.134
Nýtt skuldabréf	56.741	0
Niðurfærsla	0	(11.850)
Gengismunur	5.537	(957)
Staða í árslok	115.605	53.327

13. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Hráefni	3.729.875	2.739.345
Fullunnar afurðabirgðir	42.738.228	40.304.733
Rekstrarvörur	5.483.274	5.125.277
Veiðarfæri	9.828.481	8.449.503
	61.779.858	56.618.859

Fullunnar afurðabirgðir voru að kostnaðarverði USD 42,7 milljónir þann 31.12.2025 samanborið við USD 40,3 milljónir þann 31.12.2024. Að mati stjórnenda mun skilaverð fullunninna afurðabirgða í lok tímabils nema allt að USD 57,7 milljónum í samanburði við USD 51,6 milljónir í lok árs 2024.

Birgðir samstæðunnar á reikningsskiladegi eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði í lok árs 2025 og byggja m.a. á útreikningum um framlegð og öðrum viðeigandi forsendum.

Skýringar

14. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Almennar viðskiptakröfur	10.696.577	10.042.292
Viðskiptakröfur á tengd félög, sbr. skýring 22.	33.071.594	30.784.530
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(336.421)	(587.199)
	<u>43.431.750</u>	<u>40.239.623</u>

Kröfur á tengda aðila eru tilgreindar með viðskiptakröfum í efnahagsreikningi en kröfurnar eru allar tilkomnar vegna reglubundinna viðskipta. Á meðal krafna á tengda aðila er krafa á sölufyrirtækið Ice Fresh Seafood ehf. Á bak við kröfuna eru fjölmargar kröfur sölufyrirtækisins á aðila í ýmsum löndum. Samkvæmt samningi milli Síldarvinnslunnar og sölufyrirtækisins ber Síldarvinnslan útlánaáhættu verði greiðslufall hjá endanlegum skuldara að kröfunni.

Síldarvinnslan hf. er með kröfufjármögnun frá viðskiptabanka félagsins. Viðskiptabankinn kaupir kröfur vegna sölu á mjöli og lýsi. Síldarvinnslan ber 5% útlánaáhættu af kröfufjármögnuninni. Samanlögð áhætta Síldarvinnunnar hf. 31.12.2025 var USD 0,6 milljónir. Engin varúðarfærsla er færð vegna kröfufjármögnunar félagsins.

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Staða í ársbyrjun	(587.199)	(422.383)
Breyting á niðurfærslu	249.457	(167.909)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	(117)	3.954
Áhrif gengisbreytinga	1.438	(860)
Staða í árslok	<u>(336.421)</u>	<u>(587.199)</u>

Samstæðan fylgir fyrirmælum alþjóðlega reikningsskilastaðalsins IFRS 9 um niðurfærslu viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar niður með einfaldri aðferð og byggir matið á sögulegum gögnum um tapreynslu ásamt því að horft er til efnahagslegra umhverfisþátta á reikningsskiladegi, og væntinga til framtíðar, að svo miklu leyti sem það er heimilt samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Aldur viðskiptakrafna og niðurfærsla er eftirfarandi í árslok, sundurliðað eftir dögum fram yfir gjalddaga:

	Nafnverð krafna		Niðurfærsla	
	31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
Ógjaldfallið	39.673.112	38.263.047	0	0
1 - 90 dagar	3.716.487	1.245.752	185.615	48.629
90 dagar og eldra	378.573	1.318.023	150.806	538.570
	<u>43.768.171</u>	<u>40.826.822</u>	<u>336.421</u>	<u>587.199</u>

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Virðisaukaskattur	1.559.450	2.805.384
Fyrirframgreiddur kostnaður	99.016	1.983.408
Fjármagnstekjuskattur	843.778	1.188.657
Afleiðusamningar	173.002	588.145
Aðrar skammtímakröfur	<u>1.862.590</u>	<u>826.508</u>
	<u>4.537.836</u>	<u>7.392.102</u>

Skýringar

15. Handbært fé

Handbært fé í efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

	31.12.2025	31.12.2024
Bankainnstæður í USD	22.724.432	15.230.142
Markaðsverðbréf í íslenskum krónum	10.564.183	29.420.452
Bankainnstæður í öðrum myntum	64.028.294	57.131.621
Sjóður	470	416
	<u>97.317.380</u>	<u>101.782.631</u>

16. Eigið fé

Hlutfé

Útgefnir hlutir í árslok eru alls ISK 1.845.939.749 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Félagið á sjálft hlutfé að nafnverði ISK 108.000 sem er 0,01% af heildarhlutfé. Eigin hlutabréf eru færð til lækkunar á hlutfé. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutfall	Fjárhæð ISK
Heildarhlutfé í árslok	100,0%	1.845.939.749
Eigin hlutir í árslok	(0,01%)	(108.000)
	<u>99,99%</u>	<u>1.845.831.749</u>

Yfirverðsreikningur hlutafjár

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð þess hlutafjár sem félagið hefur sjálft selt.

Lögbundinn varasjóður

Lagt hefur verið í varasjóð hlutfall af hagnaði í samræmi við ákvæði hlutfélagalaga. Lögbundinn varasjóður stendur í 25% hámarki af hlutfé í lok árs.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur samanstendur af gengismun sem verður til vegna umreiknings reikningsskila dóttur- og hlutdeildarfélag, sem birta reikningsskil sín í öðrum gjaldmiðlum, yfir í bandaríska dollara.

Bundnir reikningar

Bundnir reikningar samstanda af bundnum hlutdeildarreikningi og bundnum gangvirðisreikningi verðbréfaeignar. Á bundinn hlutdeildarreikning er færður mismunur á hlutdeild sem færð hefur verið í rekstrarreikningi vegna dóttur- og hlutdeildarfélag og mótteknum arði frá sömu félögum. Reikningur er leystur upp ef hlutdeildin er seld eða afskrifuð. Á bundinn gangvirðisreikning eru færðar breytingar á gangvirði fjáreigna á gangvirði í gegn um rekstrarreikning. Gangvirðisreikningurinn er leystur upp þegar breytingin er innleyst. Í lok árs nemur fjárhæð bundins hlutdeildarreiknings USD 75.329.263 og fjárhæð bundins gangvirðisreiknings verðbréfaeignar USD 796.447, samtals USD 76.125.710.

Skýringar

16. Eigið fé (framhald)

Annað bundið eigið fé greinist á eftirfarandi hátt:

	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar- munur	Bundinn gangv. reikn.	Bundnir hlutd. reikn.	Samtals
Hreyfingar 2024:					
Staða í ársbyrjun	3.780.653	9.226.078	1.770.810	44.549.696	59.327.238
Þýðingarmunur		(17.994.385)			(17.994.385)
Bundinn hlutdeildarreikningur				5.534.841	5.534.841
Bundinn gangvirðisreikningur			(974.363)		(974.363)
Staða í árslok	3.780.653	(8.768.307)	796.447	50.084.537	45.893.331

Annað bundið eigið fé greinist á eftirfarandi hátt:

	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar- munur	Bundinn gangv. reikn.	Bundnir hlutd. reikn.	Samtals
Hreyfingar 2025:					
Staða í ársbyrjun	3.780.653	(8.768.307)	796.447	50.084.537	45.893.331
Þýðingarmunur		45.379.616			45.379.616
Bundinn hlutdeildarreikningur				25.244.726	25.244.726
Staða í árslok	3.780.653	36.611.309	796.447	75.329.263	116.517.673

Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals virks hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga við starfsmenn og ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

	2025	2024
Hagnaður ársins til hluthafa í móðurfélaginu	63.320.681	43.875.836
Vegið meðaltal útistandandi hluta síðustu 12 mánuði (fjöldi hluta)	1.845.831.749	1.845.831.749
Hagnaður á útistandandi hlut af áframhaldandi starfsemi	0,0343	0,0238

Skýringar

17. Skuldir við lánastofnanir

Langtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Skuldir í USD	79.005.397	145.869.301
Skuldir í EUR	138.661.293	93.468.705
Skuldir í GBP	4.283.379	4.235.078
Skuldir í NOK	0	9.938.778
Skuldir í JPY	0	3.189.218
	<u>221.950.069</u>	<u>256.701.080</u>
Afborganir næstu 12 mánaða	<u>(30.126.175)</u>	<u>(9.318.620)</u>

Langtímaskuldir í árslok	<u>191.823.894</u>	<u>247.382.460</u>
--------------------------------	--------------------	--------------------

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:	Skuldir við lánastofnanir
Afborganir næstu 12 mánaða	30.126.175
Afborganir á árinu 2027	56.526.566
Afborganir á árinu 2028	9.540.063
Afborganir á árinu 2029	9.540.063
Afborganir á árinu 2030	114.692.371
Afborganir síðar	<u>1.524.831</u>
	221.950.069

Langtímaskuldir samtals USD 221.950.069, koma þannig fram í efnahagsreikningi: 31.12.2025

Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskulda.....	30.126.175
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	<u>191.823.894</u>
	221.950.069

Breyting á langtímaskuldum greinist þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Langtímaskuldir í upphafi árs	256.701.080	302.111.238
Tekin langtímalán	144.993.843	0
Afborganir langtímalána	(193.684.069)	(37.784.114)
Gengis- og þýðingarmunur	13.939.215	(7.626.044)
Langtímaskuldir í árslok	<u>221.950.069</u>	<u>256.701.080</u>

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eiginfjárlutfall og skuldsetningarhlutfall (Net debt to EBITDA ratio). Skilmálar lánasamninga eru prófaðir ársfjórðungslega og stóðustu allt tímabilið. Engar vísbendingar eru um að félagið standist ekki lánaskilmála við næstu útreikninga eða í framtíðinni.

Skammtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Skuldir í EUR	6.733.571	17.879.126
	<u>6.733.571</u>	<u>17.879.126</u>

Skýringar

18. Leiguskuldbinding

Leiguskuldbinding greinist þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Leiguskuldbindingar í ársbyrjun	1.285.140	1.578.895
Afborganir leiguskuldbindingu	(222.178)	(198.501)
Þýðingarmunur	157.140	(95.254)
	<u>1.220.102</u>	<u>1.285.140</u>
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	(223.150)	(202.602)
	<u>996.954</u>	<u>1.082.538</u>
Áhrif leigusamninga í rekstrarreikningi greinast þannig:		
Vaxtagjöld á leiguskuldir	59.268	76.563
Afskrift leiguréttinda og geymsluhólfa	270.851	267.559
	<u>330.119</u>	<u>344.123</u>
Leiguskuldbinding greinist þannig:		
Húsaleigusamningar	1.219.427	1.276.150
Lausafjársmningur	675	8.990
	<u>1.220.102</u>	<u>1.285.140</u>

Innan samstæðunnar hafa verið gerðir leigusamningar um húsnæði og lausafé, af þeim er stærstur húsaleigusamningur um atvinnuhúsnæði í Þýskalandi sem rennur út árið 2030. Lausafjársmningar eru að jafnaði til 2-4 ára. Leigusamningar innihalda ekki breytilegar leigugreiðslur. Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga er færð á meðal annarra skammtímaskulda. Frekari upplýsingar um greiðslufæði leigusamninga er að finna í skýringu 24.3.

19. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingarinnar á árinu 2024 greinist þannig:	31.12.2024	
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	103.101.333	
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	11.975.879	
Tekjuskattur til greiðslu 2025 vegna 2024	(12.053.169)	
Aðrar breytingar	157.589	
Áhrif þýðingarmunar	(2.962.219)	
	<u>100.219.413</u>	
Breyting tekjuskattsskuldbindingarinnar á árinu 2025 greinist þannig:	31.12.2025	
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	100.219.413	
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	17.469.863	
Tekjuskattur til greiðslu 2026 vegna 2025	(19.150.061)	
Áhrif á leiðréttingum vegna fyrri ára	860.836	
Áhrif gengisbreytinga	7.793.572	
	<u>107.193.623</u>	
Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) greinist þannig á eftirfarandi liði:		
	31.12.2025	31.12.2024
Varanlegir rekstrarfjármunir	26.168.845	25.847.737
Ófnislegar eignir	79.627.173	72.815.038
Aðrir liðir	1.397.605	1.556.638
	<u>107.193.623</u>	<u>100.219.413</u>

Skýringar

19. Tekjuskattsskuldbinding (framhald)

Tekjuskattsskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu ef eignir samstæðunnar væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

	31.12.2025	31.12.2024
Tekjuskattur til greiðslu	19.150.061	12.053.169
Frestaður tekjuskattur	107.193.623	100.219.413
	<u>126.343.684</u>	<u>112.272.582</u>

Reiknaður tekjuskattur samstæðunnar af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2025		2024	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta af áframhaldandi starfsemi	<u>81.254.112</u>		<u>56.099.376</u>	
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% / 21% skatthlutfall	(16.250.822)	20,0%	(11.780.869)	21,0%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi	(1.042.895)	1,3%	(150.237)	0,3%
Frádráttabært vegna arðstekna og verðb. hlutabréfa	5.198	0,0%	5.028	0,0%
Áhrif ófráttarbærra gj. og hækkaðs skatthl.falls ársins	<u>(181.344)</u>	0,2%	<u>(49.801)</u>	0,1%
	<u>(17.469.863)</u>	21,5%	<u>(11.975.879)</u>	21,3%

20. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig í lok árs:

	31.12.2025	31.12.2024
Innlendar viðskiptaskuldir	7.969.208	11.832.528
Erlendar viðskiptaskuldir	<u>1.147.366</u>	<u>4.189.352</u>
	<u>9.116.574</u>	<u>16.021.880</u>

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig í lok árs:

	31.12.2025	31.12.2024
Ógreidd laun og launatengd gjöld	7.631.592	5.728.060
Afleiðuskuld	323.684	875.592
Ógreiddir áfallnir vextir	748.524	1.570.156
Næsta árs afborgun leiguskuldbindinga	223.150	202.602
Aðrar skuldir	<u>1.804.631</u>	<u>1.720.778</u>
	<u>10.731.581</u>	<u>10.097.188</u>

Skýringar

21. Veðsetningar, ábyrgðir og önnur mál

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum samstæðunnar, sem voru að eftirstöðvum 802,7 milljónir dollara.

	Tryggingabréf	Bókfært verð eigna
Skip	802.705.847	108.530.436
Fasteignir	0	49.079.068
	802.705.847	157.609.504

Ábyrgðarskuldbindingar:
Síldarvinnslan, sem móðurfélag í samstæðunni, hefur gengist í ábyrgðir fyrir öllum vaxtaberandi skuldum dótturfélagsins, Bergs-Hugins ehf., til tryggingar á skuldum við viðskiptabanka dótturfélagsins. Heildar vaxtaberandi skuldir Bergs-Hugins ehf. nema 31.12.2025 USD 24,9 milljónum (2024: USD 25,1 milljón)

Dótturfélagið Vísir ehf. hefur gengist í ábyrgðir fyrir dótturfélag sitt, Pytheas Seafood í Grikklandi, til tryggingar á skuldum við viðskiptabanka dótturfélagsins. Fjárhæð ábyrgðarinnar nemur EUR 4 milljónum (4,7 milljónum USD) í lok árs 2025.

Vísir ehf. hefur gefið út bankaábyrgð að fjárhæð ISK 30 milljónir (USD 0,2 milljónum) gagnvart fiskmörkuðunum vegna hráefniskaupa.

Rekstrarstöðvunartrygging:
Samstæðan er með rekstrarstöðvunartryggingu sem tekur til fjárhagslegs tjóns sem samstæðan getur orðið fyrir vegna rekstrarstöðvunar. Vátryggingafjárhæð tryggingarinnar nemur USD 146,2 milljónum (2024: USD 148,0 milljónir). Rekstrarstöðvunartrygging gildir ekki vegna tjóns af völdum náttúruhamfara.

22. Tengdir aðilar

Samstæðan er í dreifðri eignaraðild. Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélög, stjórnir félaga í samstæðunni, forstjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa veruleg áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Árið 2024	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskipta- kröfur	Viðskipta- skuldir
Hlutdeildarfélög.....	7.050.595	6.073.836	1.221.610	244.198
Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu.....	135.189.665	26.912.356	29.562.920	2.231.056
	142.240.260	32.986.192	30.784.530	2.475.254
Árið 2025	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskipta- kröfur	Viðskipta- skuldir
Hlutdeildarfélög.....	8.600.434	7.872.424	1.354.465	608.741
Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu.....	187.477.704	23.741.318	31.717.129	235.389
	196.078.138	31.613.743	33.071.594	844.130

Kröfur á tengda aðila eru tilkomnar vegna hefðbundinna viðskipta og eru því tilgreindar meðal viðskiptakrafna.

Í efnahagsreikningi eru viðskiptakröfur á tengda aðila færðar meðal viðskiptakrafna. Sjá umfjöllun í skýringu 14 um kröfur og niðurfærslu vegna erlendra viðskiptakrafna.

Skýringar

22. Tengdir aðilar (framhald)

Laun og hlunnindi forstjóra, lykilstjórnenda og stjórnar samstæðunnar greinast þannig:

	2025		2024	
	Laun og hlunnindi	Mótframl. í lífeyrissjóð	Laun og hlunnindi	Mótframl. í lífeyrissjóð
Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður.....	57.957	0	52.200	0
Anna Guðmundsdóttir, stjórnarmaður	38.794	4.461	34.800	4.002
Guðmundur Rafnkell Gíslason, stjórnarmaður.....	38.794	5.237	34.800	4.698
Baldur Már Helgason, stjórnarmaður.....	38.794	4.461	34.800	4.002
Erla Ósk Pétursdóttir, stjórnarmaður.....	38.794	4.461	34.800	4.002
Arna Bryndís Baldvins McClure, varamaður í stjórn.....	38.794	4.461	34.800	4.002
Ingi Jóhann Guðmundsson, varamaður í stjórn	19.631	2.258	17.400	2.001
Gunnþór Björn Ingvason, forstjóri.....	607.643	87.407	555.236	80.199
Axel Ísaksson, fjármálastjóri.....	362.443	51.429	324.354	46.874
Aðrir lykilstjórnendur.....	1.337.061	192.201	1.153.199	166.730
	2.578.705	356.376	2.276.390	316.510

Ásamt því að vera varamaður í stjórn situr Arna Bryndís Baldvins McClure jafnframt í endurskoðunarnefnd Síldarvinnslunnar hf. auk þess að vera í hlutastarfi hjá Síldarvinnslunni.

Aðrir lykilstjórnendurnir eru aðstoðarmaður forstjóra Síldarvinnslunnar hf., yfirmaður bræðslu Síldarvinnslunnar hf., yfirmaður fiskiðjuvers Síldarvinnslunnar hf., yfirmaður útgerðar Síldarvinnslunnar hf., rekstrarstjóri Bergs-Hugins ehf., rekstrarstjóri Fóðurverksmiðjunnar Laxá ehf., framkvæmdastjóri Vísis ehf. Aðrir lykilstjórnendur eru sjö á árinu 2025 eins og á árinu 2024.

Launaupplýsingar í töflu hér að ofan eru umreiknaðar yfir í bandaríkjadollar úr íslenskum krónum á meðalgengi hvors árs um sig. Meðalgengi ársins 2025 er 128,37 en var 137,93 á árinu 2024.

Hlutir (nafnverð í ISK) í Síldarvinnslunni hf., í beinni eigu framangreindra tengdra aðila greinast þannig í lok árs:

	31.12.2025	31.12.2024
Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður.....	1.000.000	1.000.000
Arna Bryndís Baldvins McClure, varamaður í stjórn.....	32.100	32.100
Baldur Már Helgason, stjórnarmaður.....	17.241	17.241
Gunnþór Björn Ingvason, forstjóri.....	100.206	100.206
Axel Ísaksson, fjármálastjóri.....	25.000	25.000
Aðrir lykilstjórnendur.....	17.000	52.862
	1.191.547	1.227.409

Aðrir lykilstjórnendurnir eru þeir sömu og að framan greinir.

Þorsteinn Már Baldvinssons er fyrrum forstjóri Samherja hf. sem á 30,06% hlut í Síldarvinnslunni hf. Gunnþór Björn Ingvason á 60% hlut í Hraunlóni ehf. sem á 0,94% hlut í Síldarvinnslunni hf. Axel Ísaksson á 20% í Hraunlóni ehf. Anna Guðmundsdóttir og Ingi Jóhann Guðmundsson eiga bæði 22%, eða 44% eignarhlut í Kjálkanesi ehf. sem á 16,06% hlut í Síldarvinnslunni hf. Guðmundur R. Gíslason er framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað sem eiga samtals í árslok 10,87% hlut í félaginu. Erla Ósk á 100% eignarhlut í 55105 ehf. sem á 0,12% hlut í Síldarvinnslunni hf. Pétur H. Pálsson framkvæmdastjóri Vísis ehf. á 100% eignarhlut í Brady ehf. sem á 0,98% hlut í Síldarvinnslunni hf.

Skýringar

23. Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar eru eftirfarandi:

Fjáreignir	31.12.2025	31.12.2024
Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði		
Skuldabréfaeign.....	115.605	53.327
Viðskiptakröfur og viðskiptakröfur á tengda aðila.....	43.431.750	40.239.623
Aðrar skammtímaskröfur, án afleiða.....	4.364.834	6.803.957
Handbært fé.....	97.317.380	101.782.631
Fjáreignir á gangvirði:		
Eignarhlutar í öðrum félögum, á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.....	2.441.566	2.165.100
Afleiður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.....	173.002	588.145
	<u>147.844.137</u>	<u>151.632.783</u>

Fjárskuldir

Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði:		
Viðskiptaskuldir og skuldir við tengd félög.....	9.960.704	18.497.134
Aðrar skammtímaskuldir, að undanskildum afleiðum.....	10.407.897	9.221.596
Langtímaskuldir.....	191.823.894	247.382.460
Skammtímaskuldir við lánastofnanir og næsta árs afborgun langtímaskulda.....	36.859.746	27.197.746
Fjárskuldir á gangvirði:		
Aðrar afleiður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.....	323.684	875.592
	<u>249.375.925</u>	<u>303.174.528</u>

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda á afskrifuðu kostnaðarverði endurspeglar gangvirði þeirra.

Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerningar eignir færðar á gangvirði flokkað eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í þrjú stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis eignanna. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: Eignir eru hlutabréf skráð á markaði og er gangvirðið fært eftir skráðum verðum á virkum markaði fyrir þessar eignir.

Stig 2: Eignir í þessu þrepi eru afleiðusamingar við banka sem samstæðan flokkar sérstaklega. Forsendur fyrir núvirðisútreikningum byggja á öðrum breytum en skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verði) eða óbeint (afleiðd af verðum).

Stig 3: Eignir í þessu þrepi eru óskráð hlutabréf. Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði, heldur meðal annars á upplýsingum um afkomu viðkomandi félags og innra virði þess, kaup og sölu eignarhluta o.fl.

Skýringar

23. Flokkar fjármálagerninga (framhald)

Mat á gangvirði 31.12.2024	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjárfestingar í eignarhlutum í félögum.....	1.398.139	0	766.961	2.165.100
Afleiður, eignir.....	0	588.145	0	588.145
Afleiður, skuldir.....	0	875.592	0	875.592
Mat á gangvirði 31.12.2025	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjárfestingar í eignarhlutum í félögum.....	1.534.766	0	906.800	2.441.566
Afleiður, eignir.....	0	173.002	0	173.002
Afleiður, skuldir.....	0	323.684	0	323.684

Á árinu 2025 voru engar breytingar á flokkun eigna vegna breyttra forsendna við mat á gangvirði þeirra.

Breyting á eignum sem falla undir stig 3:

Staða 1.1.	766.961
Aðrir liðir	139.839
Staða 31.12	906.800

Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikningi á meðal gjalda eða tekna af verðbréfum og afleiðusamningum.

* Allar breytingar á gangvirði voru óinnleystar í lok ársins.

Óskráð hlutabréf á 3. stigi eru öll metin út frá afkomu ársins og innra virði í árslok þar sem aðrar áreiðanlegar upplýsingar liggja ekki fyrir. Þessir eignarhlutir eru óverulegir, eða 907 þús. USD í árslok, og hvers konar breytingar á mati þeirra hefur óveruleg áhrif á rekstur og fjárhag samstæðunnar.

24. Fjárhagsleg áhættustýring

Starfsemi samstæðu Síldarvinnslunnar hefur í för með sér margvíslega fjárhagslega áhættu s.s. breytingar á gengi erlendra gjaldmiðla, vaxtabreytingar, áhættu vegna lánsviðskipta og lausafjáráhættu. Fyrirgreindir þættir geta haft áhrif á afkomu samstæðunnar og virði hennar. Áhættustýring Síldarvinnslunnar miðar m.a. að því að greina, meta og stýra þessum áhættupáttum.

Stjórn og forstjóri móðurfélagsins hefur eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva, skilgreina og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Aðferðir við áhættustýringu eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar. Það getur haft neikvæð áhrif á samstæðuna ef eftirlit og öryggisráðstafanir reynast vera ófullnægjandi.

Eftirfarandi áhættuþættir fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

Markaðsáhætta

- Gjaldmiðla- og uppgjörssáhætta
- Vaxta- og fjármögnunaráhætta

Lánsáhætta

Lausafjáráhætta

Rekstraráhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreinda áhættuþætti, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og stýra áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu hennar.

Skýringar

24. Fjárhagsleg áhættustýring (framhald)

24.1 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vöxtum hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Önnur markaðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

24.1 a Gjaldmiðla- og uppgjörsáhætta

Stærsti fjárhagslegi áhættuþáttur samstæðunnar er gjaldmiðlaáhætta. Gjaldmiðlaáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vöxtum hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu gjaldmiðlaáhattu er að takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Samstæðan býr við gengisáhattu vegna sölu afurða og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli einstakra samstæðu félaga. Helstu gjaldmiðlar sem skapa gengisáhattu eru íslenskar krónur (ISK), evrur (EUR) og norskar krónur (NOK). Reikningsskil samstæðunnar er í bandaríkjadollurum (USD). Heimsmarkaðsverð á mjöli og lýsi ræðst í USD en einnig er olíukostnaður í USD.

Bókfært verð eigna og skulda sem háðar eru gengisáhattu greinist þannig:

Árið 2024

	ISK	EUR	GBP	NOK	Aðrir gjaldmiðlar
Eignarhlutir í öðrum félögum	2.165.100	0	0	0	0
Skuldabréfaeign	53.327	0	0	0	0
Viðskiptakröfur og kröfur á tengd félög	5.719.624	13.276.427	4.239.644	28.768	35.617
Handbært fé	40.712.336	20.534.249	4.428.507	20.578.305	375.870
Aðrar skammtímakröfur	6.613.552	778.550	0	0	0
Skuldir við lánastofnanir	0	(111.346.632)	(4.236.915)	(9.938.778)	(3.189.219)
Leiguskuldir	0	(1.285.139)	0	0	0
Viðskipta- og skuldir við tengd félög	(9.447.461)	(2.537.302)	(42.822)	(1.671.367)	(1.765.112)
Aðrar skammtímaskuldir og ógr. skattar	(19.150.433)	(2.033.493)	0	(297.938)	(16.298)
Samtals jöfnuður í USD	26.666.044	(82.613.341)	4.388.415	8.698.990	(4.559.141)

Árið 2025

	ISK	EUR	GBP	NOK	Aðrir gjaldmiðlar
Eignarhlutir í öðrum félögum	2.441.566	0	0	0	0
Skuldabréfaeign	115.605	0	0	0	0
Viðskiptakröfur og kröfur á tengd félög	3.600.288	14.828.296	6.795.072	151.896	1.068.246
Handbært fé	27.920.681	36.630.214	9.416.225	413.916	276.284
Aðrar skammtímakröfur	3.498.019	1.039.817	0	0	0
Skuldir við lánastofnanir	0	(145.394.863)	(4.283.379)	0	0
Viðskipta- og skuldir við tengd félög	(6.859.505)	(1.665.911)	(10.110)	(184.869)	(536.084)
Leiguskuldir	0	(996.954)	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir og ógr. skattar	(28.091.982)	(936.203)	(74.756)	0	0
Samtals jöfnuður í USD	2.624.672	(96.495.605)	11.843.052	380.943	808.446

Lántaka samstæðunnar í erlendum gjaldmiðlum myndar gengisáhattu sem að hluta til er varin með sjóðstreymi samstæðunnar.

Gjaldmiðlaskiptasamningar eru notaðir til að verjast gengisáhattu samstæðunnar að hluta. Hætta er þó á að slíkir samningar dugi ekki til að verjast allri gengisáhattu samstæðunnar. Markmið með stýringu gjaldmiðlaáhattu er að takmarka áhættu jafnframt því sem ábati er hámarkaður. Opnar stóðir gjaldeyris- og skiptasamninga um áramót eru færðar meðal annarra skammtímakrafna og annarra skammtímaskulda en breytingar á virði samninga eru færðar í rekstrarreikningi meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Verulegar sveiflur í fyrrgreindum gjaldmiðlum geta haft veruleg áhrif á afkomu samstæðunnar.

Skýringar

24. Fjárhagsleg áhættustýring (framhald)

24.1 a Gjaldmiðla- og uppgjörshættu (framhald)

Gjaldmiðlaskiptasamningar í árslok námu USD 173,0 þús. (2024: USD 588,1 þús. í eign) og eru færðir meðal skammtímakrafna og gangvirðisbreytingar ársins eru færðar meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

Uppgjörshættu felst í þeim eignum og skuldum samstæðunnar sem bókfærðar eru í erlendum gjaldmiðlum og endurspeglast í gengisliðum í rekstrarreikningi. Uppgjörshættu samstæðunnar er til komin vegna þess að uppgjörsmýnt félagsins er USD, en hluti af rekstrarkostnaði er í íslenskum krónum og hluti viðskiptakrafna, stærsti hluti viðskiptaskulda, auk hluta handbærs fjár er í öðrum erlendum myntum og því myndast gengishagnaður eða gengistap og færist meðal fjármagnsliða í fjárhagsuppgjöri samstæðunnar. Birgðir samstæðunnar eru bókaðar í þeim gjaldmiðlum sem þær eru seldar í og hafa því áhrif á uppgjörshættu.

Starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar er bandaríkjadollar (USD). Starfrækslugjaldmiðillinn verður evra (EUR) frá 1. janúar 2026. Tekjur samstæðunnar í evru hafa aukist síðustu ár með auknum bolfiskheimildum. Að undanskildum launakostnaði er stærsti gjaldaliður samstæðunnar olúkaup, en sá kostnaður er tilgreindur í USD. Samstæðan hefur þó jafnframt tekjur og gjöld í öðrum myntum. Helst er þar að nefna EUR, ISK, NOK, JPY og GBP.

Næmnigreining

Styrking bandaríkjadollar (USD) um 10% gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum þann 31. desember hefði lækkað og eða hækkað afkomu samstæðunnar fyrir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar og tekur tillit til áhrifa af gjaldmiðlaskiptasamningum sem voru opnir í lok árs.

	2025	2024
ISK	(4.272.795)	(5.264.940)
EUR	11.530.680	8.781.956
GBP	(1.184.305)	(438.842)
NOK	260.106	(869.899)
Aðrir gjaldmiðlar	(80.845)	455.914
	6.252.841	2.664.190

24.1 b Vaxta- og fjármögnunaráhætta

Vaxtaáhætta felst í því þegar vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sama tíma. Gengishreyfingar, verðbólga og verðbólguvæntingar kunna að hafa áhrif á vaxtastig og þar með fjármagnsliði samstæðunnar. Samstæðan býr við vaxtaáhattu vegna vaxtagreiðslna af skuldum og vaxtaberandi eignum. Vaxtaform skulda og eigna samstæðunnar eru breytilegir vextir og fastir vextir í mismunandi myntum. Greiðsluáhætta vegna vaxta er þríþætt, gengisháttu, verðbólguáhætta og hækkun breytilegra vaxta. Langtímaskuldir samstæðunnar bera blöndu af föstum og breytilegum vöxtum.

Þegar endurskoðunartími fastvaxta lána samstæðunnar nálgast getur félagið séð hvort greiðslubyrði hækki og þar með gripið til ráðstafana. Áhætta varðandi endurfjármögnun er alltaf til staðar hjá félögum sem eru fjármögnuð með lántökum. Bæði er til staðar hættu á því að samstæðan nái ekki að fjármagna sig á sambærilegum eða betri kjörum og áður og einnig hættan á því að samstæðan takist ekki að endurfjármagna lán sín fyrir gjalddaga eða semja um áframhaldandi fjármögnun og geti því mögulega ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar.

Skýringar

24. Fjárhagsleg áhættustýring (framhald)

24.2 Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á að samstæðan verði fyrir fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í viðskiptum getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er vegna viðskiptakrafna, viðskiptakrafna á tengda aðila, kröfufjármögunnar, skuldabréfaeignar og annarra skammtímakrafna og ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi mótaðila. Jafnframt ræðst staðan af stöðu erlendra aðila sem sölufyrirtæki sem telst tengt félag selur til þeirra þar sem útlánaáhætta liggur hjá samstæðunni verði greiðslufall. Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með innheimtu viðskiptakrafna með reglubundnum hætti og eru kröfurnar færðar niður ef talið er að þær muni ekki innheimtast að fullu.

Samstæðan beitir aðferðum, sem tilgreindar eru í skýringu 2.16, við að meta viðskiptakröfur og hugsanlega virðisrýrnun þeirra, svo og við að meta niðurfærslu þörf vegna kröfufjármögunar. Í skýringu 14 er að finna upplýsingar um fjárhæð viðskiptakrafna og niðurfærslu þeirra svo og upplýsingar um fjárhæð útlánaáhattu félagsins af kröfufjármögnun. Í árslok er óverulegur hluti krafna í vanskilum. Sögulegt tap krafna er afar lágt.

Mögulegt tap vegna lánsáhattu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	31.12.2025	31.12.2024
Viðskiptakröfur	10.360.156	9.455.093
Viðskiptakröfur á tengda aðila	33.071.594	30.784.530
Skuldabréfaeign	115.605	53.327
Aðrar skammtímakröfur	4.537.836	7.392.102
Handbært fé	97.317.380	101.782.631
	<u>145.402.570</u>	<u>149.467.683</u>

Mesta mögulega tap samstæðunnar á viðskiptakröfum skiptist með eftirfarandi hætti eftir landsvæðum:

	31.12.2025	31.12.2024
Vestur-Evrópa	27.907.298	21.514.541
Austur-Evrópa	11.821.999	12.801.342
Asía	3.462.275	4.916.108
Ameríka	240.177	996.730
Annað	0	10.902
	<u>43.431.750</u>	<u>40.239.623</u>

Skýringar

24. Fjárhagsleg áhættustýring (framhald)

24.3 Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar. Lausafjárstaða samstæðunnar er sterk eins og sjá má af efnahagsreikningi og er það stefna samstæðunnar að halda þeirri stöðu sterkri.

Handbært fé í árslok 2025 nam um 97,3 milljónum USD og hefur samstæðan möguleika á skammtímalánalínunum ef þörf er á. Samstæðan leitast við að eiga nægt fé til þess að standa straum af afborgunum lána. Minnki aðgangur samstæðunnar að lausafé getur það haft neikvæð áhrif á sjóðstreymi og afkomu og þar með getu samstæðunnar til að standa við skuldbindingar sínar.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjárskuldir samstæðunnar, annarra en afleiðuskulda, og ónúvirt framtíðar sjóðflæði vegna þeirra skulda. Fjárfleði miðast við kjör lánasamninga í árslok.

Árið 2024	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi	Innan 1 árs	1-2 árs	2-5 ár	Meira en 5 ár
Óverðtryggð lán.....	256.701.080	282.681.950	24.745.763	208.029.881	45.727.565	4.178.741
Skammtímaskuldir						
við lánastofnanir.....	17.879.126	18.442.625	18.442.625	0	0	0
Leiguskuldbinding.....	1.285.139	1.510.891	259.132	250.849	750.682	250.228
Viðskiptaskuldir.....	16.021.880	16.021.880	16.021.880	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	10.097.188	10.097.188	10.097.188	0	0	0
Skuldir við tengd félög.....	2.475.254	2.475.254	2.475.254	0	0	0
	304.459.667	331.229.788	72.041.842	208.280.730	46.478.247	4.428.969
Árið 2025	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi	Innan 1 árs	1-2 árs	2-5 ár	Meira en 5 ár
Óverðtryggð lán.....	221.950.069	254.060.722	39.612.497	64.281.377	148.630.503	1.536.344
Skammtímaskuldir						
við lánastofnanir.....	6.733.571	6.927.319	6.927.319	0	0	0
Leiguskuldbinding.....	1.220.102	1.359.546	272.449	271.774	815.322	0
Viðskiptaskuldir.....	9.116.574	9.116.574	9.116.574	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	10.731.581	10.731.581	10.731.581	0	0	0
Skuldir við tengd félög.....	844.130	844.130	844.130	0	0	0
	250.596.027	283.039.871	67.504.550	64.553.152	149.445.825	1.536.344

Útflæði vegna afleiðusamninga er sýnt sem neikvæð stærð, en innflæði sem jákvæð.

Árið 2024	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi
Gjaldmiðlaskiptasamningar.....	588.145	588.145
Vaxtaskiptasamningar.....	(875.592)	(875.592)
	(287.447)	(287.447)
Árið 2025	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi
Gjaldmiðlaskiptasamningar.....	173.002	173.002
Vaxtaskipta- og gjaldmiðlaskiptasamningar.....	(323.684)	(323.684)
	(150.682)	(150.682)

Skýringar

24. Fjárhagsleg áhættustýring (framhald)

24.4 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta getur leitt til beins eða óbeins taps sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi samstæðunnar. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna samstæðunnar, tækni og skipulag sem beitt er, og ytri þættir aðrir en láns-, markaðs- og lausafjárahætta. Rekstraráhætta myndast við alla starfsemi samstæðunnar.

Meiriháttar breytingar á stjórnkerfi fiskveiða gætu falið í sér óvissu og áhættu fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja. Stjórnvöld setja lög og reglugerðir um stjórnun fiskveiða sem ætlað er að stuðla að skynsamlegri nýtingu fiskistofna. Slíkar stjórnvaldsaðgerðir kynnu að takmarka úthlutun aflaheimilda en þær eru ein af grunnforsendum fyrir rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Þannig getur breyting á úthlutun aflaheimilda og heimildum á framsali þeirra haft áhrif á rekstur og afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi og þar með Síldarvinnslunnar.

Samstæðan býr við áhættu vegna náttúrubreytinga enda eru veiðar og vinnsla á fiski meðal annars háðar vexti og viðgangi fiskistofna við landið, ásamt deilistofnum sem nýttir eru með öðrum þjóðum. Breytingar á náttúrufari og aðstæðum í hafinu geta valdið minnkun veiðistofna, breyttri samsetningu þeirra og samdrætti í afla samstæðunnar og þannig haft bein áhrif á fjárhagslega afkomu hennar.

Stjórn og stjórnendur samstæðunnar leitast við að stýra rekstraráhættu með hagkvæmum hætti til að forðast fjárhagslegt tap og til að vernda orðstír samstæðunnar. Til að draga úr rekstraráhættu er meðal annars komið á stýringu á veiðum og vinnslu afla, viðeigandi aðskilnaði starfa, eftirliti með viðskiptum og fylgni við lög, starfsmenn þjálfaðir, verkferlar skipulagðir og skráðir og tryggingar keyptar þegar við á.

24.5 Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða samstæðunnar sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var um 66,1% í árslok 2025.

24.6 Verðbólguáhrif

Hækkun verðbólgu eykur kostnað samstæðunnar, þar sem stór hluti útgjalda samstæðunnar er í íslenskum krónum.

25. Önnur mál

Starfrækslugjaldmiðill

Frá og með 1. janúar 2026 mun starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill Síldarvinnslunnar vera í evrum í stað bandaríkjadollar. Breytingin endurspeglar breytingar á efnahagslegu umhverfi Síldarvinnslunnar og samstæðu hennar, þar sem tekjur, kostnaðargrunnur og fjármögnun tengist nú í auknum mæli evrunni. Eftir breytinguna verða fjárhagslegar upplýsingar félagsins framsettar í evrum og verður samanburðartölum breytt til samræmis, sbr. IAS 21.

Hækkun veiðigjalda

Í júlí 2025 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um veiðigjald. Í desember 2025 var tilkynnt um áætlaða fjárhæð veiðigjalda fyrir árið 2026 á grundvelli lagabreytingarinnar. Breytingarnar fela í sér verulega hækkun veiðigjalda á helstu tegundum sem samstæðan veiðir, einkum botnfiski og uppsjávartegundum.

Eldur í vinnslu hlutdeildarfélagsins Cabo Norte á Spáni

Í lok janúar 2026 braust út eldur í vinnslu hlutdeildarfélagsins Cabo Norte á Spáni. Vinnslan gjöreyðilagðist en ekki varð manntjón. Eignin var vátryggð og með skjótum viðbrögðum stjórnenda og starfsfólks hefur tekist að tryggja afgreiðslu pantana til þessa. Málið er í vinnslu hjá stjórnendum, sérfræðingum og viðeigandi stjórnvöldum.

Jarðhræringar við Grindavík

Kvikusöfnun hefur haldið áfram á Reykjanesskaga, en ekki hefur gosið frá 5. ágúst 2025. Vinnsla félagsins hefur gengið án raskana. Stjórnvöld og sérfræðingar hafa ekki lýst yfir goslokum og fylgjast stjórnendur áfram náið með framvindu og hafa aðgerðaáætlanir til staðar.

Sameining félaga innan samstæðu

Bergur-Huginn ehf. og Bergur ehf. voru sameinuð í upphafi árs 2025. Jafnframt voru Samvís ehf. og Þorvís ehf. sameinuð Vísi ehf. á sama tíma.

Skýringar

26. Ársfjórðungsyfirlit (Óendurskoðað)

Rekstur samstæðunnar á árinu 2024 greinist þannig eftir ársfjórðungum:

	4 F 2024	3 F 2024	2 F 2024	1 F 2024	Samtals
Seldar vörur.....	88.324.930	95.079.404	60.065.991	81.280.584	324.750.909
Hagnaður af sölu eigna.....	16.858	0	272.386	90.637	379.881
Rekstrartekjur.....	88.341.788	95.079.404	60.338.377	81.371.221	325.130.790
Kostnaðarverð seldra vara.....	35.915.230	37.100.589	31.650.592	37.809.303	142.475.714
Laun, aflahlutir					
annar starfsmannakostnaður.....	23.989.656	23.767.235	19.504.615	21.818.197	89.079.703
Annar rekstrarkostnaður.....	2.270.175	1.718.627	2.613.826	2.536.970	9.139.598
Sölutap.....	208.945	219.931	0	0	428.876
Rekstrargjöld.....	62.384.006	62.806.382	53.769.033	62.164.470	241.123.891
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.....	25.957.782	32.273.022	6.569.344	19.206.751	84.006.899
Afskriftir fastafjármuna.....	4.706.256	4.480.949	5.497.146	4.672.344	19.356.695
Rekstrarhagnaður	21.251.526	27.792.073	1.072.198	14.534.407	64.650.204
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(652.434)	(3.756.656)	(1.323.133)	(2.103.193)	(7.835.416)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna.....	(327.602)	45.154	(1.986.772)	1.553.808	(715.412)
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	20.271.490	24.080.571	(2.237.707)	13.985.022	56.099.376
Tekjuskattur.....	(4.559.496)	(5.002.861)	302.950	(2.716.472)	(11.975.879)
Hagnaður tímabilsins.....	15.711.994	19.077.710	(1.934.757)	11.268.550	44.123.497

Rekstur samstæðunnar á árinu 2025 greinist þannig eftir ársfjórðungum:

	4 F 2025	3 F 2025	2 F 2025	1 F 2025	Samtals
Seldar vörur.....	91.939.066	127.370.182	76.152.317	82.634.484	378.096.049
Hagnaður af sölu eigna.....	106.730	111.546	58.641	0	276.917
Rekstrartekjur.....	92.045.796	127.481.728	76.210.958	82.634.484	378.372.966
Kostnaðarverð seldra vara.....	29.893.302	48.940.438	34.900.426	35.998.787	149.732.953
Laun, aflahlutir og					
annar starfsmannakostnaður.....	27.576.112	31.992.978	23.565.948	22.026.550	105.161.588
Annar rekstrarkostnaður.....	1.970.147	1.795.841	1.890.547	2.438.874	8.095.409
Rekstrargjöld.....	59.439.561	82.729.257	60.356.921	60.464.211	262.989.950
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.....	32.606.235	44.752.471	15.854.037	22.170.273	115.383.016
Afskriftir fastafjármuna.....	7.163.529	5.587.164	4.582.381	4.508.491	21.841.565
Rekstrarhagnaður	25.442.706	39.165.307	11.271.656	17.661.782	93.541.451
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(1.264.914)	(2.905.185)	(1.547.031)	(1.355.735)	(7.072.865)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna.....	315.778	3.017.240	(2.611.333)	(5.936.159)	(5.214.474)
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	24.493.570	39.277.362	7.113.292	10.369.888	81.254.112
Tekjuskattur.....	(5.256.028)	(7.203.548)	(1.923.449)	(3.086.838)	(17.469.863)
Hagnaður tímabilsins.....	19.237.542	32.073.814	5.189.843	7.283.050	63.784.249

Stjórnarháttayfirlýsing Síldarvinnslunnar hf. 2025 (óendurskoðað)

Meginmarkmið stjórnarháttayfirlýsingar Síldarvinnslunnar hf. (Síldarvinnslan) er að skýra með gagnsæjum hætti hlutverk og ábyrgð stjórnenda hennar til að auðvelda þeim að rækja störf sín og um leið að treysta hag hluthafa og annarra hagaðila.

Stjórnarhættir félagsins byggja á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar auk þess að taka að mestu mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar og starfsreglur endurskoðunarnefndar er að finna á heimasíðu Síldarvinnslunnar, www.svn.is

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu 2021, er að finna á heimasíðu Viðskiptaráðs, www.vi.is.

Fyrirtækið

Síldarvinnslan er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og er stærsti framleiðandi uppsjávarafurða á Íslandi. Félagið leggur áherslu á sjálfbæra nýtingu sjávarauðlindarinnar, þar sem leitast er við að nota nýjustu tækni sem völ er á til veiða og vinnslu.

Samstæða Síldarvinnslunnar er með starfsemi á fimm stöðum á landinu og samanstendur af móðurfélaginu, Síldarvinnslunni hf., og dótturfélögum: Bergi-Hugin ehf., Vísi ehf. og dótturfélögum þess, Fóðurverksmiðjunni Laxá hf. og Fjárfestingarfélaginu Vör ehf. Samstæða Síldarvinnslunnar hefur að leiðarljósi að hámarka verðmæti með sem minnstum umhverfisáhrifum. Sérstök áhersla er lögð á að fjárfestingar minnki kolefnisspor félagsins, t.d. hagkvæmari skip og útskipting á mengandi orkumiðlum fyrir endurnýjanlega orkugjafa þar sem því verður við komið.

Síldarvinnslan starfar eftir lögum og reglum sem lúta að rekstri fiskiskipa, nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar og matvælaframleiðslu, auk þess sem framleiðsla félagsins er vottuð af alþjóðlegum vottunaraðilum. Starfsemi Síldarvinnslunnar lýtur opinberu eftirliti stofnana sem framfylgja lögum og reglum og eru helstu starfsstöðvar og rekstur skipakosts háðar leyfisveitingu opinberra aðila. Lögð er áhersla á að farið sé að lögum og reglum í starfsemi félagsins. Það er gert með skilvirkum verkferlum, öflugum starfsfólki og góðu samstarfi við eftirlitsaðila.

Innra eftirlit og áhættustýring

Áhættustýring og innra eftirlit er samofið góðum stjórnarháttum. Stjórn og stjórnendur Síldarvinnslunnar leggja ríka áherslu á að byggja upp sterka áhættuvarnarmenningu með því meðal annars að viðhalda góðu eftirlitsumhverfi með skjalfestum stefnum, reglum og ferlum sem styðja við rekstur félagsins.

Daglegur rekstur er í höndum stjórnenda félagsins þar sem leitast er við að hafa verkferla og eftirlit með áhættuþáttum í daglegum rekstri. Áætlanagerð og uppgjör gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti með rekstrarþáttum og er farið reglulega yfir rekstur einstakra deilda með stjórn félagsins.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, samanber 93. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf sem settar eru í íslenskum lögum og reglugerðum um innihald og upplýsingar í samstæðuársreikningum félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði. Ársreikningurinn er settur fram í bandaríkjadollurum (USD) sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Fjármáladeild Síldarvinnslunnar sér um gerð reikningskila.

Endurskoðunarnefnd skal skipuð eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Stjórn skipar nefndina en utanaðkomandi nefndarmenn skulu tilnefndir af aðalfundi. Endurskoðunarnefnd starfar samkvæmt settum starfsreglum sem eru yfirfarnar árlega. Nefndin hefur meðal annars eftirlit með gerð reikningsskila, fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringar auk endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings félagsins. Endurskoðunarnefndin gefur stjórn álit sitt á reikningsskilum áður en þau eru samþykkt af stjórn. Þá setur endurskoðunarnefnd fram tillögur til stjórnar um val á ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Nefndin metur óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og hefur eftirlit með öðrum störfum ytri endurskoðenda.

Stærstu áhættuþættir í rekstri eru tengdir tekjustreymi, fjármögnun og samsetningu gjaldmiðla félagsins. Starfsemin er að miklu leyti vertiðabundin þar sem oft er framleitt mikið magn á stuttum tíma fyrir mikil verðmæti en tekjurnar skila sér seinna inn.

Stjórnarháttayfirlýsing Síldarvinnslnunnar hf. 2025 (óendurskoðað), frh.

Fjárhagslegir áhættuþættir í starfsemi félagsins eru tengdir tekjustreymi, fjármögnun og samsetningu gjaldmiðla. Markaðsáhætta vegna breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og á vöxtum hefur áhrif á afkomu samstæðunnar.

Forstjóri og fjármálastjóri hafa heimild til að gera framvirka samninga til takmörkunar á gengis- og vaxtaáhættu félagsins og eins til að tryggja framtíðartekjustreymi.

Áhættustýring Síldarvinnslnunnar felst í því að greina, meta og stýra lykiláhættuþáttum. Stjórn og stjórnendur vinna að því að móta og formfesta enn frekar áhættustefnu félagsins. Farið er reglulega yfir áhættuþætti og áhættustýringu með stjórn og hún upplýst um stöðu mála. Hluti af áhættustýringunni snýst um daglegt eftirlit með áhættuþáttum og er það hluti af daglegum rekstri stjórnenda að vakta þessa þætti.

Hluthafar, stjórn, undirnefndir stjórnar og framkvæmdastjórn

Æðsta vald Síldarvinnslnunnar er í höndum lögmætra hluthafafunda. Samkvæmt samþykktum er stjórn kosin á aðalfundi félagsins ár hvert. Stjórnin er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Stjórnarkjör er skriflegt ef kosið er um fleiri menn en kjósa skal. Við kosningu stjórnar skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum en falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Stjórn á samskipti við hluthafa í samræmi við ákvæði laga, samþykktir félagsins og starfsreglur stjórnar. Hluthafafundir eru haldnir að minnsta kosti einu sinni á ári eða oftar ef þurfa þykir. Árið 2025 var haldinn einn hluthafafundur og var þátttaka um 90%.

Stjórn Síldarvinnslnunnar fer með æðsta vald í málefnum Síldarvinnslnunnar milli hluthafafunda. Henni ber að stuðla að viðgangi félagsins og hafa eftirlit með daglegum rekstri þess. Stjórn ber ábyrgð á stefnumótun Síldarvinnslnunnar og leggur mat á það hvernig henni er hrint í framkvæmd. Stjórnin hefur, ásamt forstjóra, forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið Síldarvinnslnunnar. Henni ber að tryggja að til staðar sé virkt eftirlitskerfi sem meðal annars felst í því að fyrirkomulag áhættustýringar og innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og í reglulegri vöktun. Stjórnin sér um að gæta hagsmuna allra hluthafa og að gæta jafnræðis milli þeirra. Stjórnin sér til þess að félagið starfi samkvæmt lögum og reglum. Þá hefur stjórnin með höndum ráðningu og uppsögn forstjóra félagsins. Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu stjórnar.

Stjórn kappkostar að tryggja vöxt og velferð félagsins. Einhugur hefur ríkt í stjórn um uppbyggingu síðustu ára í uppsjávarveiðum og -vinnslu, auk fjárfestinga í bolfiskveiðum og -vinnslu. Með þeim fjárfestingum hefur verið lagður grunnur að framtíðaruppbyggingu félagsins, en rekstur sem þessi krefst stöðugar framþróunar og fjárfestinga sem einnig ríkir einhugur um. Stjórnin vinnur náið með stjórnendum að stefnu félagsins, sem er í sífelldri þróun og aðlögun að fjölbreytilegu umhverfi og ytri aðstæðum.

Samkvæmt gildandi starfsreglum stjórnar skal stjórnin árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda og frammistöðu forstjóra. Stjórnin skal jafnframt yfirfara og meta þróun félagsins og hvort hún sé í samræmi við markmið og áætlanir.

Fundir stjórnar eru að jafnaði haldnir að minnsta kosti einu sinni í mánuði, en ef til kemur breyting á fundum er leitast við að tímasetningar henti sem flestum stjórnarmönnum. Þegar fundir eru boðaðir er leitast við að velja þeim tíma sem hentar öllum stjórnarmönnum. Við fundi er oft nýttur fjarfundabúnaður þar sem stjórnarmenn eru dreifðir um landið.

Hluthafar Síldarvinnslnunnar

Hluthafar félagsins eru 2.592 talsins en tíu stærstu hluthafar félagsins fara með 83,2% hlutafjár í félaginu.

Hlutabréf Síldarvinnslnunnar eru rafrænt skráð hjá Nasdaq CSD. ISIN is0000000479. Að jafnaði er haldinn einn hluthafafundur á ári, nema upp komi atburðir eða breytingar sem kalla á fleiri fundi. Fundargerðir og önnur gögn hluthafafunda eru aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing Sildarvinnslnunnar hf. 2025 (óendurskoðað), frh.

Stjórnarnamenn Sildarvinnslnunnar

Stjórnarmenn eru fulltrúar hluthafa félagsins og hafa sem slíkir kappkostað að tryggja vöxt og velferð félagsins.

Anna Guðmundsdóttir, meðstjórnandi, fyrst kjörin í stjórn árið 2013. Fæðingardagur 13. mars 1967. Anna er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem fjármálastjóri Gjögurs hf. Anna er jafnframt framkvæmdastjóri Þingstaða ehf. og prókúruhafi í Hrólfskeri ehf.

Anna situr í stjórnnum eftirfarandi félaga: Gjögurs hf., Kjálkaness ehf., Gjögurtá ehf., StorMar ehf., Loftleiða Cabo Verde ehf., Lögmannsstofu Jörundar Gaukssonar ehf., Bergur-Huginn ehf., Vísir ehf og Kallnesings ehf.

Anna á 22,54% eignarhlut í Kjálkanesi ehf. sem á 16,06% hlut í Sildarvinnslnunni hf. Hún á ekki hluti í eigin nafni í Sildarvinnslnunni hf.

Anna er óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háð stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Erla Ósk Pétursdóttir, meðstjórnandi, fyrst kjörin í stjórn 2023. Fæðingardagur 8. september 1980. Erla er með B.A. próf í hagfræði og tölvunarfræði frá Macalester College í Bandaríkjunum og MBA próf frá Háskólanum í Reykjavík. Hún starfar í dag sem forstöðukona Executive MBA náms við Háskólann í Reykjavík. Áður var hún meðal annars mannauðsstjóri hjá Vísi ehf. og síðar framkvæmdastjóri Marine Collagen ehf.

Erla Ósk situr jafnframt í stjórnnum Fisktækniskólans, Codland ehf, 55105 ehf., Berg-Hugins ehf., Vísir ehf. og Útvegsmannafélags Suðurnesja.

Erla Ósk á 100% eignarhlut í 55105 ehf. sem á 0,12% hlut í Sildarvinnslnunni hf. Hún á ekki hluti í eigin nafni í Sildarvinnslnunni hf.

Erla telst óháð stórum hluthöfum félagsins en telst háð félaginu og daglegum stjórnendum samkvæmt „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 1. júlí 2021.

Guðmundur R. Gíslason, varaformaður, fyrst kjörinn í stjórn 2016. Fæðingardagur 19. febrúar 1970. Guðmundur er með B.ed. gráðu í kennsluvísindum. Hann starfar í dag sem framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað, Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað og Múlans samvinnuhúss ehf. Hann var áður framkvæmdastjóri Egilsbúðar í Neskaupstað, mannauðsstjóri ESS á Íslandi og framkvæmdastjóri Sjónaráss ehf.

Guðmundur situr jafnframt í stjórnnum eftirtalinna félaga: Hrólfsker ehf., Múlinn samvinnuhús ehf., B.G. Bros ehf., Bergur-Huginn ehf., Vísir ehf., Rekstrarfélagið Molinn, Krabbameinsfélag Austfjarða, Vinir Ingvars, félagasamtök og Bærinn okkar, félagasamtök.

Guðmundur er, eins og áður hefur komið fram, framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað sem eiga samtals í árslok 10,87% hlut í félaginu. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Sildarvinnslnunni hf.

Guðmundur er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Baldur Már Helgason, meðstjórnandi, fyrst kjörinn í stjórn 2021. Fæðingardagur 6. mars 1976. Baldur er með Cand.sci. próf í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 2000, lauk Advanced Management Program (AMP) frá IMD háskólanum í Sviss 2022 og er með löggilt próf í verðbréfavíðskiptum. Hann starfar í dag sem framkvæmdastjóri viðskipta hjá Heimum hf. Hann var áður framkvæmdastjóri Eyju fjárfestingarfélags á árunum 2017-2019, fjárfestinga- og sjóðsstjóri hjá Auði Capital árin 2009-2016 og fjárfestinga- og lánastjóri hjá Íslandsbanka, m.a. í Bandaríkjunum og Danmörku á árunum 2000-2009.

Baldur er auk þess skráður framkvæmdastjóri eftirfarandi félaga: Smáralindar ehf. og Kvikmyndahallarinnar ehf.

Baldur hefur setið í á þriðja tug stjórna m.a. hjá Skeljungu, Sýn, Securitas, Já, Íslenska Gámafélaginu og Domino's Íslandi og í Noregi. Baldur situr í dag í stjórn S29 ehf. Bergs-Hugins ehf., Vísir ehf., Grósku ehf.

Baldur á í lok árs 17.241 hluti í Sildarvinnslnunni hf. Baldur telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing Síldarvinnslunnar hf. 2025 (óendurskoðað), frh.

Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður, fyrst kjörinn 2003. Fæðingardagur 7. október 1952. Þorsteinn er með skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og skipaverkfræðingur frá Norges Tekniske Høgskole. Þorsteinn er stofnandi og gegndi starfi forstjóra Samherja hf. frá 1983 til 2025. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri Seleyjar ehf., Rafa ehf., Landnord ehf., Eignarhaldsfélagsins Súlnnar ehf. og Sæbóls fjárfestingarfélags ehf.

Þorsteinn situr í stjórnnum eftirfarandi félaga: Eignarhaldsfélagið Steinn ehf., Rafa ehf., Seley ehf., Ice Tech ehf., 600 Eignarhaldsfélag ehf., Sæból fjárfestingafélag ehf., Samherji fiskeldi ehf., Hólmadrangur ehf., Salmon Garden hf., Landnord ehf., Bergur-Huginn ehf., Vísir ehf. og Eignarhaldsfélagið Súlan ehf.

Þorsteinn var forstjóri Samherja hf. fram á mitt ár 2025, en Samherji hf. á 30,06% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á í árslok 1.000.000 hluti eða 0,05% í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf.

Þorsteinn er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Arna Bryndís Baldvins McClure, varamaður, fyrst kjörin í stjórn 2013 og í endurskoðunarnefnd frá árinu 2021. Fæðingardagur 2. júlí 1985. Hún er með ML-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og Executive MBA gráðu frá IESE háskólanum í Barcelona. Hún starfaði hjá LEX lögmannsstofu frá 2010-2013 og sem yfirlögfræðingur Samherja hf. frá 2013-2021. Arna hefur verið í hlutastarfi hjá Síldarvinnslunni frá nóvember 2023.

Arna situr jafnframt í stjórnnum eftirfarandi félaga: Emerald Invest ehf., Sea Thru ehf., Flugskóla Íslands ehf. og Sea Thru sp. z.o.o í Póllandi. Þá er Arna framkvæmdastjóri Sea Thru ehf.

Arna á í lok árs 32.100 hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf., eða 0,002%

Arna er háð félaginu og daglegum stjórnendum samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Ingi Jóhann Guðmundsson, varamaður, fyrst kjörinn í stjórn 2001. Fæðingardagur 12. janúar 1969. Hann er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf., Kjálkaness ehf. og Gjögurtáar ehf.

Ingi situr jafnframt í stjórnnum eftirfarandi félaga: K.R.- sports hf., Loftleiða Cabo Verde ehf., Hrólfsskers ehf., Sjóvá-Almenna trygginga hf., Jarðbaðanna ehf., Norðurbaða ehf., Pharmarctica ehf. og StorMar ehf.

Ingi á 22,54% eignarhlut í Kjálkanesi ehf. sem á 16,06% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf.

Ingi er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess, en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Framkvæmdastjórn

Gunnþór Björn Ingvason, forstjóri. Fæðingardagur 11. nóvember 1968. Gunnþór er iðnaðartækni-fræðingur frá Tækniskóla Íslands. Hann hóf árið 1996 störf hjá SR Mjöli hf. og annaðist þar innkaup á hráefni og gæðamál. Við sameiningu SR Mjöls hf. og Síldarvinnslunnar hf. varð hann aðstoðarmaður forstjóra Síldarvinnslunnar, síðar útgerðarstjóri og hefur verið forstjóri frá 2007. Gunnþór er jafnframt framkvæmdastjóri Fóðurverksmiðjunnar Laxár hf. og Bergs-Hugins ehf. Gunnþór er prófkúruhafi hjá Vísi ehf.

Gunnþór situr jafnframt í stjórnnum eftirfarandi félaga: Fóðurverksmiðjunnar Laxá hf., Atlantic Coast Fisheries Corp., Fasteignafélagsins Miðhúss ehf., Fjárfestingafélagsins Varar hf., Hraunlóns ehf., Polar Pelagic A.S., Arctic Fish Holding A.S., F.V. Holding LLC., Sjávarmála ehf., MAR Guesthouse ehf., og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Gunnþór á 60% hlut í Hraunlóni ehf. sem á 0,94% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á í lok árs 100.206 hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. eða 0,01%.

Axel Ísaksson, fjármálastjóri. Fæðingardagur 22. september 1964. Hann er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hann hóf störf á fjármálasviði Síldarvinnslunnar hf. á árinu 1992 og varð fjármálastjóri félagsins 2007. Axel er jafnframt skráður framkvæmdastjóri Fjárfestingafélagsins Varar hf.

Axel situr jafnframt í stjórnnum eftirfarandi félaga: Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað svf., Hraunlóns ehf., Fjárfestingafélagsins Varar ehf. og Atlantic Coast Fisheries.

Axel á 20% hlut í Hraunlóni ehf. sem á 0,94% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á í lok árs 25.000 hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. eða tæp 0,0014%.

Stjórnarháttayfirlýsing Síldarvinnslunnar hf. 2025 (óendurskoðað), frh.

Samfélagsmál og siðferðisviðmið

Árið 2020 gerðist Síldarvinnslan ásamt fleiri sjávarútvegsfyrirtækjum aðili að samfélagsstefnunni „Ábyrgur sjávarútvegur í sátt við umhverfi og samfélag“. Stefnan var unnin innan vébanda Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Stefnan grundvallast á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Við gerð stefnunnar var tekið samtal um sjávarútveg og voru kallaðir til fjölmargir hagsmunaaðilar í greininni. Stefnan verður því grunnurinn í samfélagsábyrgð Síldarvinnslunnar til frambúðar.

Síldarvinnslan hefur um árabil gefið út samfélagsskýrslu þar sem finna mátti stefnu félagsins í samfélagsmálum í þeim tilgangi að auka gagnsæi, bæta vinnubrögð og efla umhverfisvitund. Skýrslan hefur verið skrifuð að fyrirmynd alþjóðlega staðalsins GRI standards (e. Global Reporting Initiative standards). Eldri skýrslur má finna á vefsvæði Síldarvinnslunnar www.svn.is. Síldarvinnslan hafði unnið að aðlögun að nýrri tilskipun á sviði sjálfbærnimála hjá Evrópusambandinu en síðla árs 2025 samþykkti Evrópupinginn að draga úr kröfum tilskipunarinnar. Er því ólíklegt að hún muni eiga við um félagið. Síldarvinnslan mun engu að síður fylgjast náið með þróun á þessu sviði og veita ófjárhagslega upplýsingar í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Sem stendur verður því skýrsla Síldarvinnslunnar með sambærilegu sniði og fyrri ár.

Meginmarkmiðin í sjálfbærni Síldarvinnslunnar snúa að samfélagi, umhverfi og stjórnarháttum. Vill Síldarvinnslan í þeim efnum hafa jákvæð áhrif á samfélagið og nærumhverfi sitt. Nauðsynlegt er fyrir félagið að skynja að íbúar séu ánægðir með starfsemi og þátttöku félagsins í uppbyggingu samfélagsins. Árlega eru veittir styrkir til góðra málefna og stutt við bakið á ýmsum samtökum, annað hvort með beinum styrkjum og gjöfum eða kaupum á auglýsingum.

Félagið hefur ekki skjalfest sérstaka stefnu í styrkjum til stjórnmálaflokka en þeir flokkar sem óska eftir styrk og eiga kjörna fulltrúa á þingi hafa fengið úthlutað allt að leyfilegu hámarksframlagi. Félagið er í öflugum samstafi við menntastofnanir á öllum stigum náms og var frumkvöðull í stofnun Sjávarútvegsskóla Austurlands sem nú hefur fengið sess innan Háskólans á Akureyri og ber heitið Sjávarútvegsskóli unga fólksins. Síldarvinnslan hefur einnig átt gott samstarf við stofnanir og fyrirtæki sem sinnt hafa rannsóknum á sviði sjávarútvegs, matvælaíðnaðar og orku. Þá gegnir Síldarvinnslan mikilvægu hlutverki sem stór atvinnurekandi í þeim samfélögum sem samstæðan starfar. Vegna þessa er ábyrgðarhlutur að eiga í góðu samstarfi við stjórnvöld á hverju svæði.

Auk starfskjarastefnu hefur Síldarvinnslan sett sér starfsmannastefnu og stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi. Þá hefur félagið hlotið jafnlaunavottun frá árinu 2018 og hefur í gildi jafnréttisáætlun.

Síldarvinnslan hf. setti sér fyrst persónuverndarstefna árið 2018 sem er reglulega yfirfarin af stjórn.

Sérstakar siðareglur voru fyrst samþykktar á árinu 2021 en Síldarvinnslan leggur ríka áherslu á heilindi og gott siðferði starfsfólks í daglegum störfum fyrir samstæðuna.

Síldarvinnslan hefur undanfarið unnið að uppsetningu upplýstrunarkerfis innan samstæðunnar. Kynntar hafa verið reglur fyrir starfsfólki í landvinnslu en unnið er að uppsetningu nafnlauss ábendingakerfis fyrir alla starfsmenn. Er stefnt að því að þeirri vinnu ljúki sem fyrst á þessu ári.

Upplýsingar um brot á lögum eða reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Í lok árs 2024 ákvað Fiskistofu að svipta skipið Vestmannaey veiðileyfi í tvær vikur sem átti að koma til framkvæmda í byrjun janúar 2025. Sú ákvörðun var kærð til Matvælaráðuneytið sem hefur kærana til meðferðar. Ákvað ráðuneytið að fresta sviptingunni þar til ákvörðun lægi fyrir en hún liggur ekki enn fyrir. Ekki hafa komið upp önnur mál sem leitt hafa til viðurlaga. Þá eru engin dómsmál í gangi gagnvart félaginu.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (óendurskoðað)

Síldarvinnslan hf. er eitt af leiðandi sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og spannar saga fiskvinnslu og útgerðar félagsins tæp 70 ár. Starfsemi Síldarvinnslunnar og dótturfélaga (samstæðan) er á fimm stöðum á landinu, auk þess sem dótturfélag samstæðunnar á í erlendum sölu- og framleiðslufélögum í Þýskalandi, Spáni og Grikklandi. Félagið á hlutdeildarfélög í Bandaríkjunum, Noregi og á Grænlandi. Samstæðan gerir út þrjú uppsjávarskip sem veiddu samtals 138 þúsund tonn á árinu 2025 og fjögur ísfiskskip sem veiddu 18.295 tonn. Frystitogari samstæðunnar veiddi 6.873 tonn. Línuskip félagsins veiddu 8.441 tonn og krókaaflamarksskip félagsins veiddi 1.493 tonn á árinu 2025. Fiskmjölsverksmiðjurnar tóku á móti 140 þúsund tonnum af hráefni. Unnar voru afurðir úr 57 þúsund tonnum af hráefni í uppsjávarfiskiðjuverinu í Neskaupstað. Bolfiskvinnslan í Grindavík tók á móti 8.040 tonnum af hráefni á árinu 2025 og saltfiskvinnsla í Grindavík tók á móti 8.170 tonnum af hráefni.

Sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð

Starfsemi samstæðunnar byggir á nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar og er lögð áhersla á ábyrga og arðbæra viðskiptahætti. Markmið Síldarvinnslunnar er að hámarka verðmæti sjávarafans á ábyrgan hátt með sem minnstum umhverfisáhrifum. Samstæðan hefur að leiðarljósi að starfa eftir lögum og reglum, styðja við nærsamfélög sín og skapa starfsmönnum góð kjör og öruggt vinnuumhverfi. Félagið hefur sett sér metnaðarfulla stefnu í starfsmannamálum sem miðar að því að skapa vinnuumhverfi sem einkennist af hvatningu, öryggi og góðum samskiptum.

Það er Síldarvinnslunni mikilvægt að starfa í blómlegu samfélagi. Því hefur verið lögð áhersla á að styrkja íþrótt- og æskulýðsstarf, menningar- og góðgerðarmál í nærsamfélögum starfsstöðva samstæðunnar. Síldarvinnslan hefur jafnframt í gegnum tíðina stutt við starfsemi Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað með margvíslegum gjöfum og styrkjum með það að markmiði að auka þjónustu við íbúa á svæðinu.

Síldarvinnslan leggur áherslu á að eiga í góðu samstarfi við háskóla landsins, stofnanir og tæknifyrirtæki við margvísleg þróunar- og rannsóknaverkefni á sviði sjávarútvegs. Þessi verkefni eru mikilvægur liður í að stuðla að nýsköpun, framþróun, aukinni verðmætasköpun og þekkingaröflun í sjávarútvegi. Er nánar fjallað um þau í samfélagsskýrslu félagsins.

Ábyrgir starfs- og stjórnaðarhættir

Síldarvinnslan leitast við að vera fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti og vinna í sátt við umhverfi og samfélag á hverjum stað. Síldarvinnslan kappkostar að umgangast lífríki hafsins af virðingu og nýta sjávarauðlindina með sjálfbærum hætti. Lögð er áhersla á að fylgja ráðgjöf vísindamanna, þar sem stuðst er við bestu vitneskju hverju sinni, til að sjálfbærni fiskistofna til framtíðar sé tryggð og komandi kynslóðir fái notið góðs af. Samstæðan leggur ríka áherslu á að bæði veiðar og vinnsla uppfylli allar þær gæðakröfur sem lög og reglur gera ráð fyrir.

Síldarvinnslan framleiðir sínar afurðir eftir viðurkenndum stöðlum sem tryggja eiga m.a. sjálfbærni, rekjanleika og heilnæmi afurðanna. Samstæðan er með vottuð gæðastjórnunarkerfi sem styðja við þessi markmið. Þau eru Global TRUST (IFFO Global Standard for Responsible Supply, FEMAS (Feed Material Assurance Scheme), HACCP (Hazard Analysis and Critical Control Points), BRCGS (Global Food Safety Standard). Einnig er fyrirtækið með vottun frá Naturaland og Vottunarstofunni TÚN, sem eru vottanir um lífræna framleiðslu. Allar þessar vottanir eru teknar út reglulega af þar til bærum aðilum.

Síldarvinnslan vill búa starfsfólki sínu góða vinnuaðstöðu eins og tilgreint er í starfsmannastefnu félagsins. Hjá samstæðunni starfa 630 manns. Þar af starfa 247 sjómenn hjá félaginu. Í landvinnslunni eru fjölbreytt störf, þar sem starfræktar eru m.a. fiskmjölsverksmiðjur, uppsjávarfiskiðjuver og bolfiskvinnslur. Þetta eru allt krefjandi störf sem kalla á mismunandi þekkingu og hæfileika fólks. Þetta er að stórum hluta vertíðabundin vinna þar sem unnið er á 12 tíma vöktum og sveiflast starfsmannafjöldinn töluvert á milli tímabila.

Nánari upplýsingar um skiptingu starfa er að finna í samfélagsskýrslu Síldarvinnslunnar.

Síldarvinnslan leggur áherslu á öryggi og heilsu starfsfólks og hefur komið upp skilgreindu verklagi til þess. Hjá Síldarvinnslunni starfar öryggisstjóri og öryggisnefndir. Þá er lögð áhersla á að nýta þekkingu starfsfólks til að greina og grípa tækifæri til umbóta í rekstri, sérstaklega í því skyni að auka öryggi og aðbúnað. Í þessu samhengi hefur verið gerður samningur við Sjómannaheilsu sem fylgist með heilsu sjómanna og hafa sjómenn þar aðgang að þjónustu ef eitthvað bjátar á. Læknir frá Sjómannaheilsu kemur reglulega og stendur starfsfólki til boða læknistímar hjá honum. Allir starfsmenn eru studdir til heilsuræktar með styrkjum einu sinni á ári. Stefnt er að útrýmingu vinnuslysa með markvissri vinnu og bættri heilsu starfsfólks með sífellt betri vinnuaðstöðu. Frekari upplýsingar má sjá í samfélagsskýrslu Síldarvinnslunnar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (óendurskoðað), framhald

Það skiptir miklu máli að hafa á að skipa góðu og ánægðu starfsfólki. Í því skyni er reynt að bjóða upp á vinnuumhverfi sem einkennist af hvatningu, öryggi og góðum samskiptum. Einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi er undir engum kringumstæðum umborið á vinnustöðum samstæðunnar, hvorki í samskiptum starfsfólks né í samskiptum við starfsfólk verktaka, samstarfsaðila eða viðskiptavina. Hefur Síldarvinnslan sett sér stefnu og reglur til að taka á einelti, kynferðislegri, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Síldarvinnslan hefur jafnframt sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við persónuverndarlög.

Síldarvinnslan vill að það sé jafnrétti til launa og tækifæra til starfsþróunar innan félagsins, óháð kyni, þar sem litið skal til hæfileika hvers einstaklings. Félagið er með jafnlaunavottun sem staðfestir að kynbundinn launamunur er ekki hjá félaginu. Síldarvinnslan var fyrst íslenskra sjávarútvegsfélaga til að hljóta jafnlaunavottun árið 2018 og er hún endurnýjuð reglulega.

Hjá Síldarvinnslnni er lögð áhersla á að starfsmenn og stjórnendur sýni heilindi í starfi. Hvorki spilling né mútubægni er liðin og uppfærði félagið siðareglur sínar vorið 2025 sem öllum starfsmönnum og stjórnendum ber að fara eftir. Þá hafa verið settar verklagsreglur um meðferð uppljóstrara og hafa þær verið samþykktar af stjórn.

Ábyrgð í umhverfismálum

Í samfélagsskýrslu Síldarvinnslnnar eru umhverfisáhrif félagsins greind með ítarlegum og markvissum hætti og upplýsingar birtar um lykilmælikvarða með samanburði á milli ára, þ.á.m. kolefnisuppgjör félagsins. Það er nauðsynlegt til að greina stöðuna á áhrifum félagsins og leita tækifæra til að draga úr sóun og öðrum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Olíunotkun við veiðar er langstærsti einstaki umhverfisþáttur starfseminnar. Olíunotkun sveiflast á milli ára en þar getur siglingavegalengd á miðin, samsetning afla og fleiri þættir spilað inn í. Skip samstæðunnar notuðu rúmlega 18,6 milljón lítra af olíu á síðasta ári sem er lítilleg minnkun milli ára. Aukning varð hjá uppsjávarskipum félagsins en er það einkum skýrt með því að afli á sóknareiningu var minni en undanfarin ár og má þar sérstaklega nefna að lengra var að sækja kolmunna. Óveruleg aukning í olíunotkun hjá bolfiskskipum félagsins skýrist af meiri sókn en árið áður.

Mesta orkunotkun í landvinnslnni er hjá fiskmjölsverksmiðjum en félagið rekur tvær slíkar. Verksmiðjurnar hafa verið raforkuvæddar og er markmiðið að keyra þær að stærstum hluta á rafmagni. Undanfarin ár hefur félagið þurft að sæta ítrekuðum skerðingum á afhendingu rafmagns til verksmiðjanna og hefur því olíunotkun í verksmiðjunum verið meiri en félagið hefði kosið. Á síðasta ári notuðu verksmiðjunnar 4,1 milljón lítra af eldsneyti sem er minnkun um 4,9 milljón lítra á milli ára. Á árinu 2025 var 57% af orku, sem notuð var í verksmiðjunum, fengin frá endurnýjanlegum orkugjöfum en þetta hlutfall var 14% fyrir árið 2024.

Á árinu 2025 var endurvinnsluhlutfall sorps um 74,5% en var 73,5% árið áður.

Tilskipun um sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja (CSRD)

Evrópusambandið samþykkti árið 2022 tilskipun um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (CSRD). Áður en tilskipunin var leidd í lög á Íslandi dró Evrópusambandið úr umfangi hennar og þrengdi gildissvið.

Síldarvinnslan hf. fellur því utan gildissviðs tilskipunarinnar. Félagið mun því, líkt og áður, veita upplýsingar í samræmi við gildandi lög hverju sinni og fylgjast áfram með þróun lagaumhverfis síns.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (óendurskoðað), framhald

Skýrslugjöf vegna flokkunarreglugerðar Evrópusambandsins (ESB) (EU Taxonomy)

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (ESB 2020/852) tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023. Reglugerðin kveður á um mat á því hvort starfsemi fyrirtækja teljist umhverfislega sjálfbær samkvæmt skilgreindum viðmiðum.

Evrópusambandið hefur síðar ákveðið að draga úr umfangi og flækjustigi beitingar reglugerðarinnar, m.a. með þrengingu gildissviðs og einföldun skýrslugjafa. Þessar breytingar hafa þó ekki enn verið leiddar í lög á Íslandi.

Innleiðing flokkunarkrafna er enn í þróun og hefur kjarnastarfsemi Síldarvinnslunnar hf., fiskveiðar og fiskvinnsla, ekki verið tekin inn í flokkunarkerfið. Félagið fylgist áfram með þróun lagaumhverfis síns og veitir upplýsingar í samræmi við gildandi lög hverju sinni.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að minnka kolefnisspor Síldarvinnslusamstæðunnar með ýmsum fjárfestingum og aðgerðum til sjós og lands. Er vísað til samfélagsskýrslu Síldarvinnslunnar um nánari upplýsingar þar að lútandi.

Sjá töflur á næstu þremur blaðsíðum sem innihalda upplýsingar um tekjur, fjárfestingargjöld og rekstrargjöld til samræmis við núgildandi reglur.

Velta

Velta				Viðmið fyrir verulegt framlag							Viðmið fyrir verulegt tjóni										
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildar velta (3)	Hlutfall veltu (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarks verndarráðstafanir (17)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, ár 2025 (18)	Flokkur (starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfis-markmiðum) (20)	Flokkur (um-breytinga starfsemi) (21)		
		USD	%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T		
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			0%																		
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																					
Sjóflutningar	6.10	0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%				
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%				
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%	0%	0%		
A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																					
Sjóflutningar	6.10	0,00	0%																		
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	0,00	0%																		
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		0,00	0%																		
Alls (A.1+A.2)		0,00	0%																		
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFI NÆR EKKI YFIR																					
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		378.372.966	100%																		
Total (A+B)		378.372.966	100%																		

Fjárfestingargjöld

Fjárfestingargjöld				Viðmið fyrir verulegt framlag							Viðmið fyrir verulegt tjóni ("Veldur ekki verulegu tjóni")									
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildar fjárfestingargjöld (3)	Hlutfall fjárfestingargjalda (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Lifrabíleg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Lifrabíleg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarks verndarráðstafanir (17)	Hlutfall fjárfestinga sem fellur að flokkunarkerfinu, ár 2025 (18)	Flokkur (starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfis-markmiðum) (20)	Flokkur (umbreytinga starfsemi) (21)	
		USD	%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T	
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			28%																	
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																				
Sjóflutningar	6.10	0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%			
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%			
Fjárfestingagjöld frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%	0%	0%	
A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																				
Sjóflutningar	6.10	0,00	0%																	
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	623.803	28%																	
Fjárfestingagjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		623.803	28%																	
Alls (A.1+A.2)		623.803	28%																	
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFI NÆR EKKI YFIR																				
Fjárfestingagjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		1.640.796	72%																	
Total (A+B)		2.264.599	100%																	

Rekstrargjöld

				Viðmið fyrir verulegt framlag							Viðmið fyrir verulegt framlag ("Veldur ekki verulegu tjóni")							Flokkur (starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfis- markmiðum) (20)	Flokkur (um- breytinga starfsemi) (21)
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildar rekstrargjöld (3)	Hlutfall rekstrargjalda (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarks verndarráðstafanir (17)	Hlutfall rekstrargjalda sem fellur að flokkunar- kerfinu, ár 2025 (18)		
		USD	%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			15%																
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																			
Sjóflutningar	6.10	0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%		
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%		
Rekstrargjöld frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)			0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%	0%	0%
A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																			
Sjóflutningar	6.10	2.008.816	9%																
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	1.250.085	6%																
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)			3.258.901	15%															
Alls (A.1+A.2)			3.258.901	15%															
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFI NÆR EKKI YFIR																			
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)			18.774.397	85%															
Total (A+B)			22.033.298	100%															